

# **Greinargerð vegna útgáfu rekstrarleyfa Kaldvíkur hf. fyrir sjókvíaeldi með allt að 10.000 tonna lífmassa í Seyðisfirði, Múlaþingi.**

## **1 Almennt**

Kaldvík hf. (áður Fiskeldi Austfjarða ehf.), kt. 520412-0930, Strandgötu 18, 735 Eskifirði, sótti um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 10.000 tonna hámarkslífmassa af lax í Seyðisfirði, þann 28. ágúst 2018.

Matvælaráðuneytið hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Seyðisfjarðar er metið 10.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 6.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Seyðisfirði. Samkvæmt 10. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 ber Matvælastofnun að gefa út aðskilin rekstrarleyfi þegar rekstrarleyfishafi hyggst vera með eldi á bæði frjóum og ófrjóum laxi. Í ljósi framangreinds áhættumats erfðablöndunar og fyrrnefndrar 10. gr. laga um fiskeldi verða gefin út tvö rekstrarleyfi FE-1135a og FE-1135b. Samanlagður hámarkslífmassi beggja leyfanna má aldrei fara yfir 10.000 tonn.

Kaldvík hf. mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur eldissvæðum í Seyðisfirði: Sörlastaðavík, Selstaðvík og Skálanesbót.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 12.12.2024 til og með 20.01.2025 og bárust 186 athugasemdir vegna tillögunnar. Unnið var að samræmingu vegna vinnslu við leyfisveitingu með Umhverfis- og orkustofnun.

## **2 Afstaða til mats á umhverfisáhrifum**

### **2.1 Inngangur**

Kaldvík hf. (áður Fiskeldi Austfjarða hf.) lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 8. desember 2021 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 31. desember 2021.

Í samræmi við 6. gr. a og b er útgáfa rekstrarleyfis byggð á endurútgefnu áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati sem staðfest var af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost: Ástand sjávar og svífsamfélaga, botndýralíf og kalkþörungur, fisksjúkdóma og laxalús,

hætta á erfðablöndun, nytjasofna sjávar, fugla, spendýr, ásýnd, samfélag og haf- og strandnýtingu. Fjallað var um aðra valkosti: Annað staðarval, annað umfang framleiðslu, aðrar tegundir laxfiska, aðrar eldisaðferðir, lokaðar eldiskvíar, landeldi og úthafskvíar. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Í valkostagreiningu á að leggja fram raunhæfa valkosti við mat framkvæmdar. Miðað við aðra valkosti sem horft er til geta þeir ekki talist raunhæfir með tilliti til markmiða með framkvæmdinni. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu rekstrarleyfishafa, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun hefur kynnt sé áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot Seyðisfjarðar sem fram kemur í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem og í mati á áhrifum á vatnshlot sem auglýst var með tillögu að starfsleyfi. Stofnunin hefur farið yfir mat rekstraraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotið og gerir ekki athugasemdir við matið. Stofnunin telur að áhrif starfseminnar séu ekki svo mikil á vatnshlotið að það muni fella það um flokk. Matvælastofnun bendir á að rekstraraðili þurfi að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vöktunaráætlun rekstraraðila í starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

## **2.2 Eðliseiginleikar sjávar og burðarþol**

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Skipulagsstofnun telur enn fremur að með hvíld eldissvæða og tilfærslu eldiskvía frá einni eldislotu til annarrar sé líklegt að áhrifin verði afturkræf. Matvælastofnun telur að huga þurfi vel að staðbundinni ofauðgun sjávar og að huga þurfi vel að uppsöfnun úrgangsefna í Seyðisfirði en með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfis- og orkustofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið verði vart við uppsöfnun úrgangsefna. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf. Burðarþol Seyðisfjarðar gerir ráð fyrir að hægt sé að vera með allt að 10.000 tonna lífmassa, ef matið breytist til lækkunar eru heimildir fyrir Matvælastofnun til breytinga á rekstrarleyfum vegna breytinga á áhættumati og burðarþolsmati í samræmi við 24. gr. Reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

## **2.3 Botndýralíf og þörungar í fjöru**

Skipulagsstofnun álítur, með hliðsjón af reynslu af fiskeldi hérlandis, að miklar breytingar verði á botndýralífi undir sjókvíum, sem færist þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld eða stöðvun verður á uppsöfnun lífræns úrgangs. Kaldvík áformar að hvíla eldissvæði í 90 daga hið minnsta á milli kynslóða sem er lágmarkshvíldartími skv.

reglugerð um fiskeldi. Í umsögn Umhverfisstofnunar um álitid kemur fram að í starfsleyfi rekstrarleyfishafa verði sett ákvæði um að þrátt fyrir uppfylltan hvíldartíma geti stofnunin frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunarrannsókna til að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar. Skipulagsstofnun tekur undir þetta atriði í álitinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs á sjávarbotn verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði undir og nærri eldisstað. Fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði þannig staðbundin og ráðist af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, svo sem dýpi, bratta og straumum, en eru afturkræf að hluta (við hvíld eldissvæða), eða alveg verði eldinu hætt. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

## 2.4 Fisksjúkdómar

Skipulagsstofnun bendir á að Matvælastofnun byggir afstöðu sína til smitsjúkdóma á að áratuga reynsla hefur sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum og að ekki sé óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þannig hafi þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðþorri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublaði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSML) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni. Þó eru dæmi um að bakteríusýkingar hafi komið upp sem klínískur sjúkdómur og ollið tímabundnum búsifjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur ekki komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaárna hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir atburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Matvælastofnun telur því að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi.

Í álitinu Skipulagsstofnunar er fjallað um sjúkdóminn blóðþorra (ISA) sem greindist í fyrsta sinn á Íslandi í Reyðarfirði. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki hægt að útiloka að sjúkdómurinn geti borist úr sjókvíaelði í villta laxfiska og telur því stofnunin óvissu til staðar um áhrif framkvæmdarinnar á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma. Stofnunin leggur til að Matvælastofnun meti hvort ástæða sé til að takmarka notkun á búnaði við fyrirhugað eldi sem áður hefur verið notaður við fiskeldi á svæðum sem geyma sjúkdóma sem ekki hafa komið fram á Íslandi.

Við mat á sjúkdómaáhættu lítur Matvælastofnun einkum til núverandi sjúkdómastöðu, mögulegrar smitdreifingar með eldisfiski, bátum og búnaði, nálægðar og tengsla við aðrar eldisstöðvar og fyrirhugaðra smitvarna. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum, samþykktum

smitvarnaráætlun og lögbundnum úrræðum til að takmarka flutning og útbreiðslu smits telur stofnunin að fyrirhugað eldi feli ekki í sér umtalsverða hættu á útbreiðslu sjúkdóma í skilningi 10. gr. laga nr. 71/2008. Matið er háð því að smitvarnaráætlun og fyrirmælum Matvælastofnunar sé fylgt og verður endurskoðað ef sjúkdómastaða eða aðrar forsendur rekstrar breytast.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt 20. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er bannað að flytja inn notaðan eldisbúnað nema með samþykki Matvælastofnunar að undangenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Jafnframt kemur fram í 40. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi að óheimilt sé að flytja eldisbúnað á milli svæða nema með samþykki Matvælastofnunar. Nánar er fjallað um sjúkdómstengda þætti og smitvarnir í kafla 3 hér að neðan og með hvaða hætti er brugðist við þeirri hættu.

## 2.5 Laxalús

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki hafi orðið vart við laxalús á Austfjörðum en út frá reynslu af fiskeldi á Vestfjörðum telur stofnunin að laxalús geti orðið vandamál í fiskeldi í Seyðisfirði, sem og öðrum fjörðum á Austurlandi. Stofnunin telur það nokkrum vandkvæðum bundið að meta áhrif eldis í Seyðisfirði á villta laxfiska, m.a. vegna skorts á þekkingu á líffræði laxalúsar á Austfjörðum og gönguleiðum villtra laxfiska í Seyðisfirði. Þá telur stofnunin skorta þekkingu á áhrifum laxalúsar á villta sjóbleikju og telur það óheppilegt í ljósi þess að árnar í Seyðisfirði séu aðallega bleikjuár. Skipulagsstofnun telur óvissu til staðar um áhrif laxalúsar frá fiskeldi á villta laxfiska og telur að laxfiskar verði fyrir auknu álagi af völdum laxalúsar ef upp komi lúsafaraldur í fiskeldi í Seyðisfirði. Þá telur stofnunin að fyrirhugað eldi komi til með að hafa neikvæð samlegðaráhrif með öðru laxeldi á Austfjörðum með tilliti til laxalúsar.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits úr sjókvíaeldi á villta laxfiska sé árstíðabundið. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori en dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvíá frá útgöngustöðum seiða. Lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í nærumhverfi eldiskvíá. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerri neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt rekstrarleyfishafa til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Reynsla af eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum hefur sýnt að stofn laxalúsar á þeim slóðum á erfitt uppdráttar og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að vakta og meta lúsasmit á þeim árstíma þegar aðstæður eru hvað hagstæðastar lúsinni. Að þessu viðbættu er í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, kveðið á um að innra eftirlit sjókvíeldisstöðva skuli m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur og niðurstöður vöktunar skuli birta opinberlega.

Laxa- og fiskilús er tilkynningaskyld í reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma. Verði sjókvíaeldisstöð vör við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar. Matvælastofnun staðfestir að viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir sem fram koma í matsskýrslu fyrirtækisins séu fullnægjandi.

Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina. Rekstraraðila ber að vera með vöktun vegna laxalúsa og mótvægisáðgerðir til að bregðast við ef vart verður við aukið álag laxalúsa í eldiskvíum sínum. Að auki ber rekstraraðila að vakta fjölda lúsa á villtum laxfiskum komi upp aukið álag lúsa í eldinu samkvæmt 11. skilyrði sem Skipulagsstofnun setti fram í álitinu um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Matvælastofnun telur að með þessum áðgerðum sé hægt að bregðast við áður en lúsasmit dreifist og með þeim hætti að draga úr þeim áhrifum sem smit kann að valda á villta laxastofna í nágrenni fiskeldisstöðva.

## 2.6 Náttúrulegir stofnar laxfiska – slysasleppingar og erfðablöndun

Skipulagsstofnun bendir á að áhættumat erfðablöndunar hafi verið lögfest sem eitt af megin stjórnþækjum hins opinbera fyrir laxeldi í sjó. Stofnunin bendir á að samkvæmt áhættumati megi ala 6.500 tonn af frjóum laxi í Seyðisfirði og því verði ekki unnt að ala 10.000 tonn af frjóum laxi í firðinum eins og umhverfismatið miðist við. Skipulagsstofnun telur að eldi á 10.000 tonnum af frjóum laxi geti haft verulega neikvæð áhrif á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar en að eldi á 6.500 tonnum af frjóum laxi muni hafa óveruleg áhrif á þá laxastofna sem áhættumatið tekur til.

Skipulagsstofnun telur í álitinu sínu að gera megi ráð fyrir neikvæðum áhrifum á litla laxastofna í ám sem áhættumat erfðablöndunar tekur ekki til og að af þeim sökum geti eldi á frjóum laxi haft nokkuð eða talsvert neikvæð áhrif á villta laxastofna. Boðaðar mótvægisáðgerðir muni þó verða líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum á villta laxastofna.

Samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi ber rekstrarleyfishafi ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfsemi sinni, þ.m.t. eldisdýrum og heilbrigði þeirra, mannvirkjum og búnaði. Innra eftirlit rekstrarleyfishafa skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla eða rekstrarleyfis sem veitt er samkvæmt þeim. Að auki skal rekstrarleyfishafi starfrækja gæðakerfi sem m.a. felur í sér þjálfun starfsmanna fiskeldisstöðva í vörnum og viðbrögðum við stroki,

viðbragðsáætlanir rekstrarleyfishafa við stroki, tjóni á búnaði auk fárviðris, sem og verklagsreglu rekstrarleyfishafa vegna reglubundins neðansjávar eftirlits með eldisbúnaði. Að auki er gerð krafa um að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó. Matvælastofnun telur að með þeim mótvægisáðgerðum sem krafa er gerð um í rekstrarleyfi Matvælastofnunar sem og þeim kröfum sem lög og reglugerð um fiskeldi setur rekstrarleyfishöfum sé hægt að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem mögulega gætu orðið á villta laxastofna.

## 2.7 Fuglalíf

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji líklegt að fæðuframboð muni aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Líklegt er að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla. Stofnunin metur það svo að uppi sé óvissa um heildaráhrif fiskeldisins á fugla í fjörðunum sem og einstakar fuglategundir. Meðal óvissupátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þeirra á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um það hvort fiskeldið muni hrekja fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Umhverfis- og orkustofnun gerir kröfur um vöktun á fuglalífi í starfsleyfi og fjallað er um þá vöktun í vöktunaráætlun framkvæmdaraðila. Matvælastofnun telur að þær ráðstafanir fullnægjandi og fylgst verði nægjanlega vel með áhrifum sem eldið hefur á fuglalíf.

## 2.8 Náttúruvá

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji þær náttúruhamfarir sem orðið hafa í Seyðisfirði vera skýra áminningu um að taka verði tillit til þeirrar náttúruvár sem fyrirhuguðu sjókvíaelði geti stafað hætta af. Stofnunin telur ákveðna óvissu um áhrif náttúruvár á eldisbúnað. Skipulagsstofnun telur að setja eigi skilyrði í rekstrarleyfi um að viðbragðsáætlun fyrir náttúruvá liggja fyrir áður en leyfi verði veitt. Matvælastofnun kallaði eftir viðbragðsáætlun vegna náttúruvár frá rekstraraðila og hefur hún verið samþykkt af stofnuninni.

## 2.9 Ásýnd, útivist og ferðapjónusta

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að sjókvíar breyti almennt yfirbragði og ásýnd fjarða og hafi áhrif á ímynd lítt snortinnar eða ósnortinnar náttúru. Skipulagsstofnun telur sérstöðu Seyðisfjarðar vera nokkra vegna þess að eldissvæði muni liggja í mikilli nálægð við siglingaleið Norrænu og ferðamannaskipa og af þeim sökum

megi gera ráð fyrir að sjókvíar muni hafa áhrif á ásynd fjarðarins fyrir stóran hluta ferðamanna sem heimsækja Seyðisfjörð sjóleiðina.

Skipulagsstofnun telur einnig að sjónrænna áhrifa muni gæta á gönguleiðum og vinsælum ferðamannastöðum, en þar sem fallið hefur verið frá því að hafa eldissvæði við Háubakka muni sjónræn áhrif verða lítil sem engin í þéttbýli. Stofnunin telur að í ljósi þess fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum að sjónræn áhrif verði talsvert neikvæð en afturkræf verði eldi hætt. Skipulagsstofnun telur að fiskeldis muni geta haft neikvæð áhrif á ímynd Seyðisfjarðar og telur því áhrif á ferðaþjónustu geta orðið talsvert neikvætt.

Að mati Matvælastofnunar mun framkvæmdin verða nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Austfjörðun innan þeirra marka. Að auki er framkvæmdin í samræmi við strandsvæðisskipulag Austfjarða. Að mati stofnunarinnar eru framkvæmdirnar afturkræfar hvað varðar ásynd.

## 2.10 Samfélag og efnahagur

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að almennt megi gera ráð fyrir því að uppbygging fiskeldis á Austfjörðum fjölgi atvinnutækifærum á svæðinu en að áhrifin verði mest þar sem vinnsla afurða fari fram. Stofnunin telur ákveðna óvissu um hversu mörg störf verði til á Seyðisfirði þar sem Kaldvík byggir mat sitt eingöngu á skýrslu Byggðarstofnunar í stað þess að leggja fram eigin áætlun byggða á reynslu framkvæmdaraðila af rekstri sjókvíaeldis.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á samfélag sé óvissu háð vegna andstöðu íbúa á Seyðisfirði, þó telur stofnunin að mögulega kunni að draga úr andstöðunni eftir að Kaldvík hætti við að notast við eldissvæðið Háubakka. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar.

## 2.11 Menningarminjar

Skipulagsstofnun telur í áliti sínu að áhrif á menningarminjar séu óvissu háð þar sem ekki hefur farið fram fornleifakönnun á sjávarbotni á fyrirhuguðum eldissvæðum í Seyðisfirði. Með boðuðum mótvægisáðgerðum ætti þó að vera unnt að komast hjá beinu raski á menningarminjum. Matvælastofnun setur skilyrði í rekstrarleyfi um að rekstrarleyfishafi taki myndir af þeim stöðum í botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að þær verði kynntar Minjastofnun Íslands áður en gengið verður frá festingum, líkt og skilyrði varðandi samráð rekstrarleyfishafa við Minjastofnun Íslands um staðsetningu botnfestinga áður en gengið verður frá þeim. gerir kröfu í rekstrarleyfi um að haft verði

samráð við Minjastofnun um staðsetningu botnfestinga og því hægt að haga festingum þannig að þær valdi ekki skemmdum á minjum.

## 2.12 Fiskveiðar og nytjastofnar

Að mati Skipulagsstofnunar munu sjókvíar og rammafestingar takmarka aðgengi til veiða í Seyðisfirði. Þó eru eldissvæði stærri að flatarmáli en þær eldisþyrpingar sem verða í notkun hverju sinni og því er mögulegt að stunda veiðar innan eldissvæðanna svo lengi sem fjarlægð frá jaðri sjókvíaeldisstöðvar sé a.m.k. 150 m.

Skipulagsstofnun gerir ráð fyrir í áliti sínu að fiskur muni í einhverjum mæli sækja í fóðurleifar í nágrenni eldiskvína en telur óvissu um þýðingu þess fyrir veiðar og dreifingu nytjafiska í firðinum. Stofnunin telur ljóst að áhrif á veiðar ráðist að miklu leiti af staðsetningu eldiskvína innan eldissvæðis hverju sinni. Áhrifin ættu þó að vera að mestu afturkræf ef eldi verður hætt. Stofnunin telur æskilegt að Kaldvík hafi samráð við sjómenn varðandi staðsetningu eldiskvína innan eldissvæða og verði það gert sé mögulegt að lágmarka áhrif sjókvíaeldis á veiðar. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar.

## 2.13 Siglingaleiðir og fjarskipti

Skipulagsstofnun bendir á það í áliti sínu að Seyðisfjörður sé þröngur fjörður með mikilli umferð stórra skipa sem og Norrænu sem sigli eftir stífri áætlun sem sé mikilvægt fyrir samfélagið og víðar á landinu.

Í áliti Skipulagsstofnunar er rætt um viðmið Kystverket, norskrar ríkisstofnunar, um viðmið um afmörkun svæða til siglinga, en slík viðmið hafa ekki verið skilgreind hér á landi að mati Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun telur að viðmið Kystverket í Noregi setji landfræðilegar aðstæður og skipaumferð því þröngar skorður hvort og hvar hægt sé að stunda sjókvíaeldi í Seyðisfirði.

Skipulagsstofnun bendir á að við yfirstandandi vinnu við gerð strandsvæðiskipulags fyrir Seyðisfjörð fari m.a. fram ítarleg kortlagning á siglingaleiðum og að ítarlegt samráð verði haft við stjórnvöld sem fara með siglingamál og skipstjórnarmenn í því skyni að tryggja að skipulagið skilgreini viðeigandi svæði fyrir siglingar skipa.

Skipulagsstofnun segir í áliti sínu að mikilvægt sé að taka mið að helgunarsvæði Farice-1 sæstrengsins við staðsetningu akkerisfestinga sjókvía sem og að þau skip sem þjónusta fiskeldi setji ekki út akkeri innan helgunarsvæðisins. Því telur Skipulagsstofnun þörf á því að við leyfisveitingar verði tekið mið af helgunarsvæði sæstrengsins og afmörkun eldissvæða endurskoðuð ef þörf er á.

Matvælastofnun fjallar nánar er fjallað um strandsvæðisskipulag, siglingaöryggi og Farice í kafla 4 hér í kjölfarið. Að mati Matvælastofnunar hefur verið brugðist við þessum atriðum

sem Skipulagsstofnun fjallaði um í álitinu sínu og vísar stofnunin til þess að rekstraraðili vinni í samræmi við samþykkt strandsvæðisskipulag og áhættumat siglinga fyrir Seyðisfjörð.

## 2.14 Skilyrði í álitinu Skipulagsstofnunar

Í álitinu Skipulagsstofnunar er fjallað um ákveðin skilyrði sem stofnunin telur nauðsynlegt að uppfyllt séu komi til útgáfu rekstrar- og starfsleyfa vegna framkvæmdarinnar. Til viðbótar við listuð skilyrði hér að neðan telur Skipulagsstofnun að horfa þurfi til strandsvæðisskipulags Austfjarða og taka tillit til helgunarsvæðis Farice 1 sæstrengsins. Önnur skilyrði sem snúa að Matvælastofnun er listuð hér að neðan:

9. Lágmarksstærð seiða og notkun ljósastýringar.

10. Að fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar í eldi verði í samræmi við leiðbeiningar um lúsatalningu frá Matvælastofnun.

11. Vöktun á fjölda laxalúsa á villtum laxfiskum í Seyðisfirði komi upp smit í eldinu. Æskilegt er að bakgrunnsgildi liggi fyrir áður en eldi hefst.

12. Að tilgreind verði viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöður um smitálagnir frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.

13. Að viðbragðsáætlun fyrir náttúruvá liggi fyrir áður en leyfi verður veitt.

14. Að teknað verði myndir af þeim stöðum á botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og þær kynntar Minjastofnun Íslands áður en gengið verður frá festingum. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að bera undir Minjastofnun Íslands öll gögn sem aflað hefur verið við athuganir á hafsbotni eldissvæða og varpað geta ljósi á það hvort þar megi finna fornminjar.

15. Vöktun á eldisbúnaði m.t.t. slysasleppinga og viðbrögð rekstraraðila við stroki.

16. Reglubundna vöktun á eldislaxi í nálægum ám sem fósra villtan lax og viðbragðsáætlun sem miðar að því að fyrirbyggja erfðamengun í ánum.

Matvælastofnun telur að öll þessi skilyrði hafi verið uppfyllt og vísar stofnunin þar m.a. til umfjöllunar um þessi atriði í köflum 2, 3 og 4 og skilyrða sem sett eru í leyfi. Jafnframt hefur framkvæmdaraðili m.a. lagt fram áætlanir er snúa að smitvörnum, náttúruvá, slysasleppingum og stroki.

## 3 Dýravelferð og smitvarnir

### 3.1 Dýravelferð

Rekstrarleyfishafa ber að tryggja velferð eldisfisks í samræmi við lög og reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Innra eftirlit skal meðal annars taka til daglegs eftirlits, þéttleika, fóðrunar, súrefnis og annarra umhverfispáttá, affalla og orsaka þeirra, meðhöndlunar, dælingar, flokkunar, flutnings og lúsa- og sjúkdómameðferða. Óvenjuleg eða mikil afföll og önnur alvarleg velferðaratvik skulu rannsökuð og tilkynnt Matvælastofnun samkvæmt gildandi reglum.

Rekstrarleyfishafi skal hafa skjalfestar viðbragðsáætlanir vegna meðal annars súrefnisskorts, þörungablóma, marglyttna, hafíss og lagnaðaríss, bilunar í fóðrun eða öðrum lykilbúnaði, óvenjulegra affalla og aðstæðna sem krefjast neyðarslátrunar. Afkastageta búnaðar, mannafla, flutninga og slátrunar skal vera í samræmi við áhættu og umfang rekstrarins.

### 3.2 Smitvarnir

Reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosíkringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og barst endanleg útgáfa þann 13. maí 2025. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Samþykkt smitvarnaráætlunar frá sérgreinadýralækni fisksjúkdóma barst þann 26. ágúst 2025.

Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri eldisins með tilliti til smitvarna.

## 4 Strandsvæðisskipulag Austfjarða , áhættumat siglingaöryggis, ofanflóð og netlög

### 4.1 Strandsvæðisskipulag Austfjarða

Kaldvík hf. mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaelði á þremur eldissvæðum í Seyðisfirði sem eru í strandsvæðisskipulagi Austfjarða. Þau eru, Sörlastaðavík á reitnum SN1, Selstaðavík á reitnum SN2 og Skálanesbót á reitnum SN3.

Almenn ákvæði eiga við um alla reitina í strandsvæðisskipulagi en þar kemur meðal annars fram að við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu,

Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld. Ótengdir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Fyrir þessa þrjá reiti sem rekstrarleyfishafi hyggst stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi er engin önnur starfsemi fyrir á sama reit. Matvælastofnun bendir á að komi til þess að önnur fiskeldisfyrirtæki sækir um að hefja starfsemi innan þessara reita þá skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi verði eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Á reitum SN1 og SN2 eru sértæk ákvæði en engin slík er að finna fyrir reitinn SN3 í strandsvæðiskipulagi Austfjarða.

Hluti af búnaði sem Kaldvík hf. hyggst setja út kemur til með að falla utan reita fyrir staðbundna nýtingu. Í umsögn frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að leyfi í Seyðisfirði kemur fram að „í ljósi þess að svæðið sem um ræðir er í tengslum við reit í nýtingarflokknum *staðbundin nýting* og staðsetning þannig að illa verði komið við siglingum og veiðum á svæðinu er ekki talið að staðbundin nýting á þessu svæði takmarki frekar aðgengi að mikilvægum veiðislóðum, hafi ekki frekari áhrif á siglingar eða rýri ekki frekar möguleika til útivistar og ferðapjónustu á svæðinu.“ Það er því mat Matvælastofnunar að Kaldvík hf. sé heimilt að fara með búnað að hluta inn á reiti almennrar nýtingar. Matvælastofnun vísar til þess að starfsemin skuli vera í samræmi við strandsvæðiskipulagi Austfjarða.

## 4.2 Áhættumat um siglingaöryggi

Matvælastofnun barst áhættumat um siglingaöryggi vegna eldissvæða á reitum SN1, SN2 og SN3 þar sem eldissvæði rekstraraðila voru metin m.t.t. siglingaöryggis. Niðurstöður áhættumats siglingaöryggis eru eftirfarandi:

Á reit SN1 – eldissvæðið Sörlastaðavík eru sértæk ákvæði: Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hluta inni á hvítum ljósgeira vitaljósa frá Brimnesvíta skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskví (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Á reit SN2 – eldissvæðið Selstaðavík eru sértæk ákvæði í strandsvæðiskipulagi. Þar kemur fram að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskví (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Áður en leyfi til fiskeldis er veitt á reitnum þarf að liggja fyrir nánara mat á hættu á ofnflóðum og þannig mögulegri hættu á slysasleppingu vegna ofanflóða.

Á reit SN3 – eldissvæðið Skálanesbót er ekki með nein sértæk skilyrði þar sem það liggur utan hvíts ljósgeira og siglingaleiða. Samkvæmt áhættumati siglingaöryggis er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar eins og reglugerð um fiskeldi kveður á um.

Samgöngustofa hefur farið yfir áhættumatið í samráði við Landhelgisgæslu Íslands og Vegagerðina, lagt sjálfstætt mat á það og gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu þess. Matvælastofnun leggur áhættumatið og þær staðsetningar- og mótvægisforsendur sem það byggist á til grundvallar leyfunum. Rekstrarleyfishafi skal haga uppsetningu og rekstri í samræmi við áhættumatið, Strandsvæðisskipulag Austfjarða og fyrirmæli stjórnvalda sem fara með siglingaöryggi. Breyting á staðsetningu eða útfærslu sem getur haft áhrif á siglingaöryggi krefst endurmats og, eftir atvikum, samþykkis viðeigandi stjórnvalda.

#### 4.3 Ofanflóðamat

Kaldvík hf. aflaði mats Veðurstofu Íslands vegna fyrirhugaðra sjókvía í Selstaðavík og Sörlastaðavík. Matið barst 14. júní 2023 og viðbót við það 28. febrúar 2025. Upphafleg útfærsla gerði ráð fyrir tveimur innstu kvíum í Sörlastaðavík innan B-svæðis. Rekstrarleyfishafi hefur fallið frá þeirri staðsetningu. Áætlaðar sjókvíar líkt og þær voru dregnar upp á skipulagi séu utan B-svæðis og standist því hættumat gagnvart ofanflóðum fyrir mannvirki. Í matinu er bæði fjallað um snjóflóð og skriðuhættu. Að örðu leyti er vísað til skilyrða sem kunna að felast í byggingarleyfi vegna eldissvæðisins.

#### 4.4 Netlög

Mörk skipulagssvæðis Strandsvæðisskipulags Austfjarða til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög. Netlög hafa ekki verið kortlögð og var því við gerð strandsvæðisskipulags Austfjarða stuðst við þá nálgun að hliðra kortlagðri strandlínu af IS50 grunni Landmælinga, út um 115 m. Það er því ekki alveg ljóst hvar netlög liggja nákvæmlega. samkvæmt 14. tölulið 3. gr. laga nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, sem tóku gildi 1. júlí sl., er hlutverk Náttúrufræðistofnunar (áður Landmælinga Íslands) að gera og viðhald landupplýsingum um stjórnsýslumörk, hæðarlínur og hæðarpunkta.

Náttúrufræðistofnun framkvæmdi slíkt mat að beiðni Kaldvíkur og fékk Matvælastofnun þær upplýsingar við vinnslu leyfis eftir auglýsingatíma. Samkvæmt þeim mælingum þá varð lítil breyting á netlögum en Kaldvík uppfærði samt sem áður hnit eldissvæða til að það væri tryggt að eldið færi ekki inn fyrir þau mörk.

#### 4.5 Áhætta af stroki vegna ofanflóða

Matvælastofnun hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn um ofanflóðahættu á þeim eldissvæðum sem matið nær til. Um er að ræða ofanflóðahættumat Veðurstofu Íslands og tæknilegt mat á eldisbúnaði og mögulegum áhrifum ofanflóða, skriðufalla, aurskriðna og grjóthruns á eldisbúnað, þ.m.t. kvíar, festingar, akkeri og flotbúnað, sem geta haft áhrif á hættu á stroki.

Við matið er litið til þess að eldisbúnaður skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og viðeigandi kröfur staðalsins NS 9415 um hönnun, staðarúttekt, búnað, festingar, rekstur og viðhald fljótandi fiskeldismannvirkja. Við mat sitt leggur Matvælastofnun til grundvallar sérfræðilegt hættumat Veðurstofu Íslands um líkur á ofanflóðum og afmörkun hættusvæða. Matvælastofnun hefur hins vegar sjálfstætt matið hvaða þýðingu þær forsendur hafa við ákvörðun um hvort áhætta á stroki teljist ásættanleg með hliðsjón af ákvæðum laga um fiskeldi, reglugerðar nr. 540/2020 og öðrum kröfum sem gerðar eru til öryggis og rekstrar fiskeldismannvirkja.

Við það mat hefur Matvælastofnun einkum litið til þess hvort líklegt sé að ofanflóð geti valdið skemmdum á eldisbúnaði sem leitt geta til stroks, hvort staðsetning eldiseininga og tengdra mannvirkja sé í samræmi við fyrirliggjandi hættumat, hvort búnaður sé hannaður til að standast það álag sem ætla má að hann verði fyrir á staðnum og hvort fullnægjandi öryggisráðstafanir, eftirlit og viðhald séu fyrir hendi til að draga úr hættu á bilunum eða tjóni. Þá hefur stofnunin tekið mið af þeim fyrirvörum og takmörkunum sem fram kemur í fyrirliggjandi sérfræðigögnum um möguleg áhrif ofanflóða á sjávarsvæði og matið þýðingu hennar fyrir hættu á stroki.

Við ákvörðunina hefur þannig verið litið til gagna frá rekstraraðila að tvær innstu kvíarnar í Sörlastaðavík innan B-svæðis verði ekki nýttar og þar sem þær standast því ekki hættumat sem atvinnusvæði. Matvælastofnun leggur til grundvallar og setur skilyrði í rekstrarleyfi að endanleg staðsetning kvía, fóðurpramma, festinga verði utan B-svæðis og í samræmi við uppfærð hnit og hönnunargögn ásamt skilyrðum í byggingarleyfum.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna og með þeim bindandi forsendum að allar eldikvíar verði utan B-svæðis, hannaður og vottaður samkvæmt þeim kröfum staðals sem reglugerð nr. 540/2020 vísar til eða sambærilegum staðli sem Matvælastofnun hefur samþykkt, og að viðhaldi og eftirliti verði sinnt með fullnægjandi hætti, telur Matvælastofnun áhættu á stroki vegna ofanflóða ásættanlega. Breytist staðsetning, hönnun eða aðrar forsendur skal áhættan endurmetin áður en breytingin kemur til framkvæmda.

Breytingar á staðsetningu kvía, fóðurpramma, festinga eða akkeriskerfis, eða frávik frá þeim forsendum sem matið byggir á, skulu leiða til endurmats á hættu á stroki

## 5 Áhættumat erfðablöndunar

Áhættumat erfðablöndunar er unnið af Hafrannsóknastofnun í samræmi við 6. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Hafrannsóknastofnun skal vinna tillögu á grundvelli áhættumats erfðablöndunar til ráðherra um þann lífmassa frjórri laxa sem heimilt er að ala í sjó tilteknu hafsvæði. Grunnforsenda áhættumats erfðablöndunar er sú að nytjastofnar villtra laxa skaðist ekki vegna blöndunar við eldislaxa. Áhættumatið byggir á fjölmörgum

áhrifapáttum sem teknir eru inn til að meta áhættu af eldislaxi og er aðferðafræðin rýnd af óháðum vísindamönnum.

Áhættumat erfðablöndunar á að endurskoða svo oft sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Samt sem áður er útgefið áhættumat í gildi þar til nýtt hefur verið gefið út. Það áhættumat sem er í gildi nú tók gildi þann 3. júní 2020 og hefði því öllu jafna átt að vera komið nýtt árið 2023. Áhættumatið var endurútgefið og staðfest af ráðherra 3. mars 2022 með auglýsingu í stjórnartíðindum, matið frá því árið 2020 er því í fullu gildi.

Samkvæmt gildandi áhættumati erfðablöndunar er gert ráð fyrir að heimilt sé að ala allt að 6.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Seyðisfirði.

## 6 Umsagnir til Matvælastofnunar

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, sveitarstjórn Múlapings og Farice ehf. vegna helgunarsvæðis FARICE-1 fjarskiptastrengsins 26. mars 2024 í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008. Veittur var frestur til 23. apríl 2024 til að skila inn umsögnum. Umsagnir bárust frá öllum aðilum.

### 6.1 Fiskistofa

Fiskistofa sendi tölvupóst dags. 2. ágúst 2024 þar sem upplýst var að vegna mistaka hafi farist fyrir að veita umsögn innan tímamarka en vísað til umsagnar Fiskistofu til Skipulagsstofnunar hvað varðar umsögn stofnunarinnar við umbeðin umsagnaratriði. Í viðhengi var að finna umsögn þeirra til Skipulagsstofnunar.

Í umsögninni kemur fram að þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfi til vegna sjókvíaeldis á laxi við Ísland felist í mögulegum áhrifum af því að storkulax af norskum uppruna blandist villtum laxi (erfðablöndun) og til þess að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geti smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Næsta veiðivatn við fyrirhugað sjókvíaeldi er við Fjarðará í Seyðisfirði. Þar veiðist sjóbleikja en einnig lax. Veiðihagsmunir eru ekki taldir miklir í næsta nágrenni við fyrirhugað eldi. Fiskistofa telur það vera afar jákvætt að til standi að nota að hluta til ófrjóa laxa og af því muni safnast dýrmæt reynsla sem gæti gagnast vel við frekari uppbyggingu fiskeldis á Íslandi. Stofnunin telur að þær upplýsingar sem fram komi í frummatsskýrslu um áhrif hugsanlegra slysasleppinga og hvernig staðið verði að því að minnka líkur á að laxar sleppi úr eldinum, þ.e. með notkun geldfisks og stórra seiða/ljósastýringar.

Fiskistofa bendir á að með auknum fjölda fiska og samþjöppun, eins og sjókvíaeldi feli í sér, aukist hættu á vandamálum vegna sjúkdóma og sníkjudýra. Þá geti veiru- eða bakteríusmit borist úr sjókvíaeldi í villta fiska en lítið sé vitað um slík smit þar sem erfitt hefur verið að rannsaka það. Smit vegna sníkjudýra, s.s. laxalúsar, sé þó þekkt og geti valdið verulegum afföllum í villtum laxastofnum sérstaklega á þeim tíma þegar

gönguseiði leita til sjávar. Laxalús hafi verið vandamál á Vestfjörðum en ekki á Austfjörðum. Komi til þess að laxalús magnist í sjókvíaelði í Seyðisfirði gæti það haft áhrif á laxastofn Fjarðarár, en hann er lítill. Þekkt sé að bleikja geti einnig borið laxalús en það sé fátíðara en fyrir lax og sjóbirting. Stofnunin telur að nægilega sé gerð grein fyrir því í frummatsskýrslu hver hugsanleg áhrif kunna að vera ef laxalús magnast í eldinu.

Matvælastofnun ber meðal annars að taka tillit til áhættumats erfðablöndunar við afgreiðslu rekstrarleyfis til fiskeldis, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 og er það gert við útgáfu rekstrarleyfis þessa sem og öðrum. Í áhættumatinu er farið yfir áhættuþætti vegna mögulegrar erfðablöndunar frá laxeldi í sjókvíum, m.a. á Austfjörðum.

Matvælastofnun tekur undir það að notkun á ófrjóum laxi gæti mögulega orðið jákvæð fyrir íslenskt fiskeldi en lítil reynsla er komin á notkun þeirra og óljóst hvor eða hvenær hægt verði að hefja eldi á slíkum lax.

Með breytingum á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem tók gildi þann 1. maí 2024 voru meðal annars sett inn ákvæði sem varða laxalús. Umræddar breytingar snúa meðal annars að tímabili, tíðni og umfangi talningar laxalúsar og gera það að verkum að rekstraraðilar þurfa nú í aukinni tíðni að framkvæma lúsatalningu. Með þessari breytingu er ljóst að Matvælastofnun berast oftar og umfangsmeiri upplýsingar um talningu á laxalús en áður hefur verið. Með aukinni tíðni lúsatalningar geta rekstrarleyfishafar gripið fyrr inn komi upp merki um aukningu lúsar og gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana eða meðhöndlunar. Matvælastofnun bendir þó á að laxalús hefur ekki verið vandamál á Austfjörðum en rekstrarleyfishafa ber engu að síður að viðhafa eftirlit samkvæmt gildandi reglugerð.

Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.

Matvælastofnun mun tryggja að eldiskvíar verði í 5 km fjarlægð frá Fjarðará. Þessu mun Matvælastofnun framfylgja með að samþykkja ekki stöðvarskírteini frá rekstraraðila nema að þessu skilyrði uppfylltu.

## 6.2 Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknarstofnun sendi umsögn dagsetta 23. apríl 2024 þar sem fram kom burðarþol Seyðisfjarðar sé 10.000 tonna hámarkslífmassi líkt og rekstrarleyfisumsóknin geri ráð fyrir en áhættumat erfðablöndunar sé lægra, eða 6.500 tonna hámarkslífmassi af frjóum lax. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að í rekstrarleyfinu verði einungis verði heimilað 6.500 tonna hámarkslífmassi af frjóum eldislax en ekki 10.000 tonnum. Fari lífmassi eldisfiska fram úr 10.000 tonnum sem burðarþol gerir ráð fyrir séu líkur á að álag

Í firðinum af lífrænum leifum verði of mikið og þ.a.l. væri um að ræða neikvæð vistfræðileg áhrif af starfseminni og auknar líkur á því að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála. Fari lífmassi fram yfir áhættumati erfðablöndunar telur Hafrannsóknarstofnun að aukin og óásættanleg hætta geti skapast á neikvæðum erfðafræðilegum áhrifum á villta laxa, sérstaklega neikvæðum erfðafræðilegum áhrifum ef slysasleppingar verða og því afar mikilvægt að vel sé staði að eldinu m.t.t. mögulegra óhappa eða mistaka við ljósastýringu.

Hafrannsóknarstofnun bendir á að stysta fjarlægð frá innsta eldissvæðinu að ósum Fjarðarár sé um 4.26 km en ekki sé heimilt að stunda sjókvíaelði innan 5 km frá ám með nytjastofni/nytjastofnum villtra laxfiska. Veiðiskráning um nytjar úr Fjarðará í Seyðisfirði hafi að minnsta kosti staðið yfir frá 1990-2022. Uppistaða veiða í ánni sé bleikja líkt og í flestum ám á Austfjörðum. Fjarðará sé á með skráðum nytjum.

Matvælaráðuneytið birti burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Eins og fram kemur í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er burðarþolsmat Seyðisfjarðar metið 10.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 6.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Seyðisfirði. Samkvæmt 10. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 ber Matvælastofnun að gefa út aðskilin rekstrarleyfi þegar rekstrarleyfishafi hyggst vera með eldi á bæði frjóum og ófrjóum laxi. Í ljósi framangreinds áhættumats erfðablöndunar og fyrrnefndrar 10. gr. laga um fiskeldi verða gefin út tvö rekstrarleyfi FE-1135a og FE-1135b. Samanlagður hámarkslífmassi beggja leyfanna má ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir 10.000 tonn og verða sett skilyrði um það í bæði rekstrarleyfin. Leyfi fyrir frjóan lax er með 6.500 tonna hámarkslífmassa en 10.000 tonna hámarkslífmassi fyrir leyfi á ófrjóum laxi.

Matvælastofnun mun tryggja að eldiskvíar verði í 5 km fjarlægð frá Fjarðará. Þessu mun Matvælastofnun framfylgja með að samþykkja ekki stöðvarskírteini frá rekstraraðila nema að þessu skilyrði uppfylltu.

### 6.3 Sveitarfélagið Múlaþing

Sveitarfélagið Múlaþing sendi inn umsögn dagsetta 2. maí 2024 þar sem fram kemur að Heimastjórn Seyðisfjarðar hafi farið yfir þau gögn sem fylgdu umsagnarbeiðninni. Heimastjórn telur að náttúrlegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar og fyrirhugaðar eldistegundir og eldisaðferðir gætu gefið tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiráhrifa sem leitt getur af þeirri starfsemi sem sótt er um leyfi fyrir. Er þar sérstaklega vísað til niðurstöðu í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatið.

Í umsögninni kemur fram að Heimastjórnin telji brýnt að starfsemin verði í samræmi við gildandi strandsvæðaskipulag og að ýrustu kröfum verði fylgt um vöktun og eftirlit. Að auki er bent á útdrátt úr umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings dags. 2.

febrúar 2022 sem er bókun vegna álits Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar áforma Fiskeldi Austfjarða um 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði. Þar kemur fram að ráði hvetji Umhverfisstofnun og Matvælastofnun til þess að taka tillit til tillagna sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar þegar unnið verði að útgáfu leyfanna og jafnframt hvetur ráðið Fiskeldi Austfjarða til að fara að tilmælum Skipulagsstofnunar hvað varðar samstarf og samráð við heimafólk. Að lokum var farið yfir atriði sem varðar frumvarp um lagareldi og umsögn sveitarfélagsins um þær lagabreytingar, m.a. hvað varðar aðkomu sveitarfélaga varðandi skipulagsvald á fjörðum, mótspyrnu íbúa Seyðisfjarðar, endurskoðun Fiskeldissjóðs og umgjörð hans og nauðsyn þess að þau ráðuneyti sem fara með málaflokkinn haldi kynningarfund sem fyrst fyrir íbúa í sveitarfélaginu varðandi stefnu og framtíðarsýn stjórnvalda.

Strandsvæðiskipulag Austfjarða var staðfest af ráðherra í mars 2023. Matvælastofnun tekur ávallt mið af strandsvæðisskipulagi við útgáfu allra rekstrarleyfa og er hið útgefna rekstrarleyfi í fullu samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag.

Matvælastofnun hefur kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til umhverfismats sem lagt var fram vegna umsóknar um hið útgefna rekstrarleyfi og álits Skipulagsstofnunar og var farið yfir það í kafla 2 hér að framan. Tekið hefur verið tillit til þeirra skilyrða sem Skipulagsstofnun setti fram í áliti sínu varðandi útgáfu rekstrarleyfis og fjallað er um þau í kafla 2.14 hér að framan.

Önnur atriði sem koma fram í umsögn sveitarfélagsins Múlapings eru ekki á valdsviði Matvælastofnunar heldur annarra stofnanna, ráðuneyta og leyfishafa. Matvælastofnun hefur því ekki heimild til þess að setja þau skilyrði sem umsagnaraðili fjallar um í umsögn sinni.

#### **6.4 Farice ehf.**

Farice ehf. sendi inn umsögn dags. 23. apríl 2024 en Matvælastofnun óskaði sérstaklega eftir þessari umsögn þar sem FARICE-1 fjarskiptastrengurinn liggur inn Seyðisfjörð en helgunarsvæði hans er tilgreint í strandsvæðaskipulagi Austfjarða.

Farice bendir á að sjókvíaelði sé ný og hratt vaxandi atvinnugrein og því þurfi að gæta ýtrustu varúðarsjónarmiða við útgáfu rekstrarleyfisins. Sérstaklega þurfi að hafa í huga að laga- og regluverk sé ekki búíð að aðlagast þessari nýju starfsemi. Því telji Farice einsýnt að helgunarsvæði FARICE-1 strengsins verði virt í orði sem á borði verði rekstrarleyfið gefið út. Mikilvægt sé að breyta fjarskiptalögum ásamt því að skýra verklag og vinnu við sjókvíar nærri fjarskiptastrengjum. Óljóst sé hvernig eftirlit verði háttað varðandi staðsetningar akkera sjókvía og hvernig aðkoma þjónustuskipa og pramma verður nærri sjókvíum. Því ætti ekki að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóeldis í sjókvíum nærri fjarskiptastrengjum fyrr en breytingar á fjarskiptalögum hafa tekið gildi og skýrt verði hvernig eftirlit með sjókvíaelði verði háttað.

Í umsögninni kemur fram að Farice hafi komið sjónarmiðum sínum ítarlega á framfæri við Skipulagsstofnun og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið allt frá árinu 2020. Að mati Farice eru miklir almannahagsmunir í húfi enda íslenskt samfélag gríðarlega háð öryggi í fjarskiptum við útlönd sem nær öll fara um þrjá fjarskiptastrengi Farice, m.a. FARICE-1, en færeyskt samfélag er einnig háð virkni FARICE-1 strengsins. Frá því að sæstrengir Farice voru teknir í notkun hefur aldrei komið upp bilun í sjó en leitað er ýmissa leiða til að tryggja öryggi strengjanna en Landhelgisgæslan hefur t.d. eftirlit með þeim í gegnum AIS kerfið auk þess sem gott samstarf hefur verið við sjávarútvegsmenn og skipstjóra sem hafa tekið tillit til sæstrengjanna við veiðar. Eftir skoðun á virkin og nýtingu strengsins er ljóst að FARICE-1 verði í notkun næstu 10 árin hið minnsta.

Farice vísar í umsögn sinni til verndar fjarskiptastrengja í 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga frá árinu 2022 þar sem kveðið er meðal annars á um aðgæslu og varúðar sem sjófarendur skulu sýna þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó. Þar sé bannað veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar og miðað er við að bannsvæðið skuli vera mílufjórðungsbelti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.

Að mati Farice nær ofangreind vernd ekki til sjókvía þrátt fyrir að þær sé festar við botn með akkerum á sama hátt og akkeri skipa og því nauðsynlegt að uppfæra lagaramman í takt við hraða þróun og uppbyggingu á sjókvíaeldi. Búið sé að senda erindi til ráðuneytisins bent á þetta og lögð til lagabreyting þar sem akkeri sjókvía eru innifalin í verndarákvæði fjarskiptalaga. Erindið er enn í skoðun í ráðuneytinu.

Farice bendir á að þar sem sæstrengurinn liggi ekki nema u.þ.b. 10-15 cm ofan í hafsbotni á umræddu svæði Seyðisfjarðar þar sem umrætt eldissvæði á að vera staðsett og því geti rót á hafsbotninum í nálægð við sæstrenginn valdið tjóni á honum. Ekki komi fram hvernig festingar verði notað fyrir kvíarnar en vanalega er botnfestan sem notuð er í sambærilegum framkvæmdum stórt plógakkeri. Slík akkeri geta færst til í slæmum veðrum og haft jafn skaðleg áhrif á sæstrenginn og veiðarfæri og akkeri skipa.

Þá bendir Farice á að vinna og skipaumferð við sjókvíar verði töluverð svo sem með fæðupramma, seiðasleppingar og slátrun. Ekki verði séð hvernig slík vinna geti farið fram án þess að akkerum verði varpa á sjávarbotn til að festa skip og pramma.

Að mati Farice ætti ekki að afgreiða umsókn um sjókvíaeldi nærri legu fjarskiptasæstrengja á meðan breytingar á fjarskiptalögum eru í vinnslu og hafa tekið gildi. Einnig þurfi að horfa til þess að um nýja atvinnustarfsemi sé að ræða sem er eðlisólík fiskveiðum varðandi starfsemi sem snertir sjávarbotn. Því þurfa rík varúðarsjónarmið að gilda við afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi sjókvía enda engin reynsla komin á slíkan rekstur nærri fjarskiptastrengjum.

Farice telur að þörf sé á að a.m.k. eftirfarandi kvaðir og eftirlitsaðgerðir verði á sjókvíaeldi nærri fjarskiptastrengjum:

1. Akkeri sjókvía verða ekki innan fjórðungsmílu frá fjarskiptastrengjum. Þannig þarf að horfa til staðsetningu akkeranna sem festa sjókvína við sjávarbotninn.
2. Eftirlit þarf að vera með staðsetningu akkeranna og þau reki ekki inn á helgunarsvæði fjarskiptastrengjanna. Viðurlög þurfa að liggja við brotum á helgunarsvæðin.
3. Tryggja þarf að sjókvíarnar verið ekki alveg við helgunarsvæði fjarskiptastrengjanna þannig að nauðsynleg vinna umhverfis sjókvíarnar geti farið fram án þess að akkerum sé varpað inn á helgunarsvæði sæstrengjanna.

Að mati Farice er ekki hægt að afgreiða umsóknir um rekstrarleyfi sjóeldis að svo stöddu.

Matvælastofnun tekur mið af strandsvæðiskipulagi og áhættumati siglingaöryggis við útgáfu rekstrarleyfis á áhættumati um siglingaöryggi sem staðfest er af Vegarðgerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslunni. Byggja forsendur rekstrarleyfisins, m.a. á um staðsetningu eldissvæða og eldisbúnaðar í framangreindu áhættumati um siglingaöryggi. Í strandsvæðiskipulagi Austfjarða er gert ráð fyrir fjarskiptastrengnum FARICE-1 og helgunarsvæði hans. Öll eldissvæði sem hið útgefna rekstrarleyfi tekur til eru að öllu leyti utan helgunarsvæðis FARICE-1 og innan þeirra reita sem staðbundin nýting er heimiluð.

Allur búnaður sem tengist sjókvíaeldi skal staðsettur innan þeirra marka sem eldissvæðið er afmarkað af, þ.m.t. ankeri. Ankerum og öðrum búnaði tengdum sjókvíaeldinu er komið fyrir eftir útgáfu rekstrarleyfis. Þá fyrst liggja hnit búnaðarins, þar með talið ankera og fóðurpramma, fyrir en eins og fyrr segir ber allur búnaður að vera innan eldissvæðisins.

Matvælastofnun bendir á að þegar þjónustubátar koma að sjókvíum og eru við vinnu í kringum þær varpa þeir ekki ankerum. Fóðurprammar eru með fasta staðsetningu á eldissvæðinu og liggja hnit þeirra fyrir þegar þeim hefur verið komið fyrir. Ankeri þeirra eru innan eldissvæðisins.

Matvælastofnun hefur ekki heimildir til þess að beita viðurlögum við brotum á helgunarsvæði en gildistaka rekstrarleyfisins er háð úttekt Matvælastofnunar. Í úttektinni er farið yfir fyrirliggjandi hnit eldisbúnaðarins, þar með talið ankera, og verður hann undir öllum kringumstæðum að vera innan eldissvæðisins. Sé hann fyrir utan verður ekki að gildistöku leyfisins fyrr en hann hefur þá verið fluttur inn á eldissvæðið. Matvælastofnun hefur einnig fengið upplýsingar um samþykki Farice fyrir legu búnaðar í nálægð við fjarskiptastrenginn. Farice hefur samþykkt legu vegna umsóknar rekstraraðila um byggingarleyfi.

## 7 Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna tillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá um 186 aðilum og m.a NAUST, The Icelandic Wildlife Fund (IWF), Landsambandi veiðifélaga, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Skipulagsstofnun, Landvernd, Laxinn lifi, Six Rivers Iceland ehf., GSFR, Rétti f.h. nokkurra aðila og NASF á auglýsingartíma. Um 75% af athugasemdum sem komu inn voru samhljóma þ.e. með sömu athugasemdum og er hægt að sjá hér neðst í greinargerðinni. Einnig bárust níu jákvæðar umsagnir og einnig voru athugasemdir sem voru tvíteknar.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyrta verksviði Matvælastofnunar.

**Katrín Oddsdóttir lögmaður, Rétti- Aðalsteinsson & Partners, f.h. VÁ – félags um vernd fjarðar, og Sigurðar Filippussonar, sendi inn athugasemdir dagsettar 20. janúar 2025.**

### Athugasemdir varðandi ofanflóð

1. *Gerð er athugasemd við að mat á ofanflóðum sé ekki fullnægjandi, vísað er til korta sem unnin hafa verið fyrir Rétt og koma fram í athugasemdunum. Vísað er til álits Skipulagsstofnunar sem bendir á að í ofanflóðahættumati skuli leggja mat á hættu á slysasleppingum vegna ofanflóða og sambærilegt ákvæði í strandsvæðisskipulagi er varðar náttúruvá. Slíkt mat hafi ekki verið framkvæmt. Tjón af völdum ofanflóða gæti orsakað slysasleppingu og umhverfisslysi en einnig gætu slík flóð raskað eldisbúnaði með þeim hætti að hann myndi teppa siglingarleiðir og fara inn á helgunarsvæði Farice sæstrengsins með tilheyrandi ógn fyrir fjarskiptaöryggi Íslands.*

Matvælastofnun hefur farið yfir ofanflóðamat vegna Selstaða- og Sörlastaðavíkur og út frá niðurstöðu þeirra metur stofnunin litlar líkur að strok verði vegna ofanflóða. Það mat byggir á því að kvíar verði utan B- línu ofnaflóðamats.

Matvælastofnun telur óverulegar líkur á því að ofanflóð leiði til stroks, m.a. vegna staðsetninga kvía á eldissvæðunum. Einungis einu sinni hefur snjóflóð náð að sjálfum jaðri þess svæðis sem eldissvæðin verða á. Niðurstaða ofanflóðamats fyrir Selstaðarvík er sú að kvíaarnar og fóðurprammi standist hættumat miðað við uppgefna staðsetningu.

Þá telur Matvælastofnun afar litlar líkur á að ofanflóð á þessum svæðum nái að ýta búnaðinum inn á helgunarsvæði, þar með talið botnfestingum, það langt að hann teppi siglingarleiðir og ógni fjarskiptaöryggi Íslands.

2. *Gerð er athugasemd við að í áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati sé ekki horft til ofanflóðahættu.*

Matvælastofnun bendir á að hvorki áhættumati erfðablöndunar né burðarþoli er ætlað að meta hættu vegna náttúruvár svo sem ofnaflóða. Mat á slíkri áhættu kemur inn í umhverfismat framkvæmdar og fjallað er um á þeim vettvangi.

3. *Gerð er athugasemd við að ofanflóðamat sem unnið er af Veðurstofu Íslands taki eingöngu til hættu er snýr að lífi fólks en ekki að hættu sem snýr að mannvirkjum í sjó, akkerisfestingum né slysasleppinga. Staðbundið ofanflóðamat liggi ekki fyrir og ferlar Veðurstofunnar nái langt yfir botnfestingar eldisstöðvarinnar og vísað til laga nr. 49/1997 um varnir gegn ofanflóðum og skriðuföllum.*

Veðurstofa Íslands vinnur ofanflóðamat eftir lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 líkt og vísað er til. Þau lög taka eingöngu til hættu sem steðjað getur að lífi fólks. Matvælastofnun getur ekki gert kröfur um að ofanflóðamat nái til víðtækari atriða en lögina gera ráð fyrir.

Matvælastofnun bendir á að eftir að tillaga að rekstrarleyfi var auglýst aflaði rekstrarleyfishafi staðbundins ofanflóðamats fyrir sjókvíar í Seyðisfirði

Veðurstofan framkvæmir ofanflóðamat í samræmi við fyrrnefnd lög en þau taka ekki til akkerisfestinga. Í matinu kemur fram að ef litið er á kvíarnar sem atvinnusvæði þurfi þær að vera neðan B-línu (sbr. 11. og 16. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000). Kvíarnar í Sörlastaðavík og Skálanesbót uppfylla það skilyrði að vera neðan B - línu, eins og þær voru staðsettar innan nýtingareita í innsendum gögnum. Endurunnið ofanflóðamat vegna Selstaðavíkur vísar til þess að það geti verið neðan B-línu er snýr að kvíum. Festingar vegna akkera gætu að hluta lent ofan B-línu.

4. *Gerð er athugasemd við að áhættumat vegna ofanflóða taki gildi við samþykkt ráðherra og skuli taka fullt tillit til hættumats við skipulagsgerð í samræmi við 5. mgr. 4. gr. ofanflóðalaga nr. 49/1997. Lögin eigi við um strandsvæðisskipulag þrátt fyrir að það sé ekki tilgreint sérstaklega. Einnig er vísað til 18. gr. reglugerðar nr. 505/2000 er snýr að hlutverki Skipulagsstofnunar í breytingu á aðal- og deiliskipulagi vegna staðbundins áhættumats.*

Matvælastofnun bendir á að þrátt fyrir að í 5. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 sé vísað til þess að taka skuli fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Að slíkt áhættumat öðlist gildi við samþykkt ráðherra verði að lesa þá grein í samræmi við 1. mgr. sömu greinar. Þar er vísar til þess að hættumat skuli ná til þéttbýlis, skíðasvæða og skipulögð byggingarsvæði þar sem lífi fólks stafi hættu af. Ráðherra getur á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 kallað eftir hættumati utan þéttbýlis, þ.e. í dreifbýli, en samt sem áður nær það ekki til frístundabyggðar, nema ef einstaklingar hafa þar skráð lögheimili. Ráðherra hefur ekki kallað eftir slíku mati vegna eldiskvína en staðsetning þeirra er utan þéttbýlis og notkun í samræmi við frístundabyggð.

Í 18. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 kemur fram að áður en sveitarstjórn gerir breytingar á deiliskipulagi eða aðalskipulagi, samþykkir nýtt skipulag eða veitir byggingarleyfi eða framkvæmdarleyfi skv. gildandi deiliskipulagi á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg, án þess að staðfest áhættumat liggi fyrir skuli sveitarstjórn leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu áhættumati hjá Veðurstofu Íslands. Matvælastofnun metur það svo að með tilkomu strandsvæðiskipulags Austfjarða hafi Skipulagsstofnun kallað eftir þessu staðbundna hættumati með því að setja skilyrði fyrir að það yrði framkvæmt fyrir nýtingareiti. Rekstraraðili kallaði eftir slíku mati frá Veðurstofu Íslands sem gerði greiningu á áhættunni í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um slíkt. Staðfesting á þessari túlkun hefur fengið fá Veðurstofu Íslands.

5. *Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir annarri náttúruvá í tillögu að rekstrarleyfi er snýr m.a. að aurskriðum, neðansjávarskriðum, hafís, lagnaðarís, þörungablóma og marglyttum.*

Matvælastofnun bendir á að ekki er fjallað um náttúruvá í rekstrarleyfi vegna sjókvíaeldis en rekstrarleyfishafi á að fara að lögum og reglugerðum. Þá hafa rekstrarleyfishafar viðbragðsáætlanir í gæðahandbók sem fjalla um aðra náttúruvá sem gæti haft áhrif á eldið. Fyrir útgáfu rekstrarleyfis eru gæðahandbækur yfirfarnar og leyfi ekki gefið út sé það mat Matvælastofnunar að þær séu ófullnægjandi. Þá er það hluti af eftirliti Matvælastofnunar með rekstraraðilum eftir útgáfu rekstrarleyfisins að yfirfara viðbragðsáætlanir og gæta þess að þær séu ávallt uppfærðar og taki til þeirra þátta sem þeim ber að gera.

**Athugasemdir varðandi það að auglýst rekstrarleyfi sé óframkvæmanlegt.**

6. *Gerð er athugasemd við að í tillögu að rekstrarleyfi séu hnit ekki auglýst í samræmi við 3. mgr. 19.gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 um fiskeldi þar sem þar segir að „ í rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar í sjókvíaeldi þarf að tilgreina hnit eldissvæðis og hnit sjókvíaeldisstöðva innan hvers skilgreinds eldissvæðis“. Þá hafi Matvælastofnun hafnað viðkomandi um aðgang að slíkum hnitum og því hafi ekki verið hægt að taka efnislega afstöðu til þessa og því takmarkað andmælarétt.*

Matvælastofnun auglýsir þau hnit sem kynnt eru í frummatsskýrslu og liggja fyrir í áliti Skipulagsstofnunar. Stofnunin vísar til þess að horfa verði til 1. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 540/2020 sem segir að áður en rekstrarleyfi taki gildi skuli Matvælastofnun gera úttekt á fiskeldisstöð til að staðreyna að stöðin uppfylli ákvæði laga og reglugerða og skuli gefa út skriflega staðfestingu fyrir gildistöku rekstrarleyfis. Þá er í 2. mgr. sömu greinar kveðið á um að gildi rekstrarleyfis sé háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefna af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð sem kveðið sé um í rekstrarleyfi. Í stöðvarskírteini skal m.a. tilgreina staðsetningu og ytri mörk stöðvar auk stöðvar innan eldissvæðis.

Líkt og fjallað er um í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 33/2024 verður að skoða fyrirmæli 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar um hnitsetningu sjókvíaeldisstöðva í ljósi framangreinds. Greinarmunur er á útgáfu rekstrarleyfis og gildistöku þess, svo og þar sem hnit sjókvíaeldisstöðva munu liggja fyrir í stöðvarskírteini sem er jafnframt forsenda þess að leyfishafa sé heimilt að setja út fisk eða seiði. Í strandsvæðiskipulagi Austfjarða fyrir umtalaða reiti er gert ráð fyrir að fiskeldi geti farið fram hvar sem er innan þeirra ásamt annarri starfsemi.

Matvælastofnun hafnar því sem röngu að stofnunin hafi hafnað aðgangi að hnitum eldissvæðis. Stofnunin sendi þau hnit sem upphaflega lágu fyrir þegar umsóknin var lögð fram og vísaði til þess að endanleg staðsetning og hnit liggi ekki fyrir fyrr en síðar, sbr. umfjöllun hér að framan. Matvælastofnun telur það ekki hafa haft áhrif á athugasemdarétt aðila við tillögu að rekstrarleyfinu.

7. *Gerð er athugasemd við eldissvæðið Selstaðavík. Akkerisfestingar séu utan skilgreinds sjókvíaeldissvæðis, fleiri kvíar séu en sótt var um fyrir, svæðið sé mögulega innan netlaga og liggur upp að helgunarsvæði FARICE-1.*

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 verður allur búnaður að vera innan eldissvæðis. Stofnunin mun ekki samþykkja stöðvarskírteini fyrir eldissvæðið þar sem gert er ráð fyrir búnaði utan eldissvæðis og bendir jafnframt á að byggingarleyfi verði ekki gefið út ef eldisbúnaður fari inn á netlög.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að umsókn um rekstrarleyfi bindur ekki umsækjanda um þau atriði sem þar koma fram varðandi fjölda og stærð eldiskvína enda oft sem fram koma atriði í umsóknarferli sem gerir það að verkum að breyta þurfi frá þeim fyrirætlunum sem upphaflega var lagt upp með. Slíkt er óhjákvæmilegt sérstaklega þegar upplýsingar koma fram á umsóknartímanum sem leiða til þess að gera þurfi breytingar. Matvælastofnun bendir jafnframt á að rekstrarleyfi eru ekki gefin út á tiltekinn fjölda eldiskvína.

8. *Gerð er athugasemd við eldissvæðið Sörlastaðavík. Ekki liggi fyrir ofanflóðamat, svæðið sé innan 5 km frá ósum Fjarðarár, að hluta inn á helgunarsvæði FARICE-1, inn í hvítum ljósgeira og mögulega innan netlaga. Þá sé ekki hægt að framfylgja 35. gr. reglugerðar 540/2020 um fiskeldi er varðar merkingar fiskeldisstöðva. Eldissvæðið nái einnig yfir veiðisvæði smábáta og villtra nytjastofna. Þá er vísað til þess að ekki sé hægt að gefa út varúðarsvæði siglinga inn í miðri eldisstöð.*

Matvælastofnun bendir á að ofanflóðamat fyrir eldissvæði Sörlastaðavík liggur fyrir. Það var gefið út 15. apríl 2025 og hefur verið horft til þess við útgáfu þessa rekstrarleyfis.

Matvælastofnun mun tryggja að eldissvæðið verði í 5 km fjarlægð frá Fjarðará. Þessu mun Matvælastofnun framfylgja með að samþykkja ekki stöðvarskírteini frá rekstraraðila nema að þessu skilyrði uppfylltu.

Matvælastofnun vísar til þess að eldissvæði skuli vera í samræmi við áhættumat siglinga, sjá kafla 4.2 í greinargerð þessari.

Hvað varðar varúðarsvæði siglinga þá vísar Matvælastofnun til þess að stofnunin fari eftir áhættumati siglinga og skilyrða þess við útgáfu rekstrarleyfis þessa.

9. *Gerð er athugasemd við eldissvæðið Skálanesbót. Ofanflóðamat fyrir svæðið skortir og það er alveg upp við helgunarsvæðið FARICE-1.*

Matvælastofnun bendir á að í strandsvæðaskipulagi fyrir Skálanesbót er ekki að finna sértækt ákvæði um þörf á ofanflóðamati líkt og fram kemur í strandsvæðaskipulagi fyrir Selstaðarvík. Matvælastofnun telur því ekki þörf á ofanflóðamati fyrir þetta tiltekna eldissvæði.

10. *Gerð er athugasemd við lengd akkerisfestinga, þær verði mun styttri en eðlilegt geti talist samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni.*

Matvælastofnun bendir á að hvorki í lögum né reglugerðum sé að finna kröfur um lengd ankerisfestinga. Í strandsvæðiskipulagi Austfjarða eru þó sett fram lágmarkskröfur í sérákvæðum um lengd botnfestinga (tóg og ankeri), en þau eiga að vera á meira en 15 metra dýpi þar sem þær eru innan þess svæði sem hvítur vitageiri afmarkar á eldissvæðunum Sörlastaðavík (svæði SN1) og Selstaðavík (svæði SN2). Ekkert lágmark er sett á eldissvæðið Skálanesbót (svæði SN3). Matvælastofnun mun ekki samþykkja stöðvarskírteini frá rekstraraðila nema að búnaður, þar með talið akkerisfestingar, verði á meiri dýpt en kveðið er á um í strandsvæðiskipulagi Austfjarða. Matvælastofnun bendir jafnframt á að umsókn um rekstrarleyfi bindur ekki umsækjanda um þau atriði sem þar koma fram varðandi dýpt akkerisfestinga enda oft sem fram koma atriði í umsóknarferli sem gerir það að verkum að breyta þurfi frá þeim fyrirætlunum sem upphaflega var lagt upp með.

11. *Gerð er athugasemd við staðsetningu búnaðar undir 15 m dýpi innan hvíts ljósgeira. Engin lagaheimild sé fyrir því og það sé í andstöðu við vitalög.*

Matvælastofnun tekur fram að kröfur um búnað undir 15 m dýpi komi frá siglingamálayfirvöldum sem meta áhættu vegna siglinga og ber að koma með

leiðbeiningar í samræmi við lög um vitamál nr. 132/1999. Áhættumat siglinga er unnið af Vegagerðinni og ákvæði í strandsvæðisskipulagi sett fram samkvæmt þeirra tilstuðlan.

### Athugasemdir varðandi Fiskistofu

12. Gerð er athugasemd við að umsögn Fiskistofu sé fjögurra ára gömul og ekki hafi komið ný þrátt fyrir að kallað hafi verið eftir því af Matvælastofnun. Þá er jafnframt gerð athugasemd við afstöðu Fiskistofu um að erfðablöndun sé ekki áhyggjuefni í Seyðisfirði og afstaða Fiskistofu til áhrifa vegna laxalúsar verði lítil á Austfjörðum. Afstaða stofnunarinnar varðandi laxalús byggir á úreltu og ólögsmætu áhættumati erfðablöndunar. Þá sé afstaða Fiskistofu til laxalúsar mikið vanmat.

Matvælastofnun bendir á að í tölvupósti Fiskistofu fylgdi með í viðhengi umsögn þeirra til Skipulagsstofnunar og vísaði Fiskistofa til hennar varðandi atrið sem þeir töldu þörf á að koma á framfæri. Farið er yfir hana í kafla 6.1 hér að framan.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að þrátt fyrir að umsögn Fiskistofu sé orðin fjögurra ára gömul þá hefur ekkert breyst frá þeim tíma. Áhættumat erfðablöndunar er í gildi þar til nýtt áhættumat liggur fyrir. Þá gefi ekkert til kynna að áhrif laxalúsar séu vanmetin af hálfu Fiskistofu.

13. Gerð er athugasemd við að leyfisveitingin sé brot gegn c. lið 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að taka beri tillit til ákvæða 8.-11. gr. laganna sem gilda eigi einnig um stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda. Þá er gerð athugasemd við að brotið sé gegn varúðarreglu 9. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að horfa verði til 8. töluliðs 5. gr. sömu laga er varðar framandi lífverur.

Matvælastofnun bendir á að áhættumat erfðablöndunar sé unnið með ákvæði náttúruverndarlaga í huga. Það á einnig við um þær greinar sem vísað er til í 8. – 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áhættumat erfðablöndunar er unnið út frá þeirri frumforsendu að náttúrulegir laxastofnar skaðist ekki. Þar er tekið tillit til varúðarsjónarmiða og miðað við að fjöldi eldislaxa í ám verði ekki meiri en 4% af heildarfjölda laxa í ánum en að erfðablöndun verði mun lægri. Notuð voru bestu fáanleg gögn bæði innan lands og utan og telur Matvælastofnun að gætt hafi verið að öllum tilvísuðum ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

14. Gerð er athugasemd við að ekki sé tillit tekið til beiðni Farice ehf. vegna legu sæstrengs og þeirrar neikvæðu umsagnar sem koma þeim aðila og snúa að öryggi samskipta og að Matvælastofnun hafi ekki veitt Farice upplýsingar um staðsetningu akkerisfestingar

*sjókvía. Ekki sé hægt að sjá að Matvælastofnun getir tryggt að akkerisfestingar séu ekki inn á helgunarsvæði sæstrengs eins og krafist er.*

Matvælastofnun hafnar því að ekki hafi verið horft til athugasemda sem bárust frá Farice. Í því samhengi vísar stofnunin til ákvæða í rekstrarleyfi þar sem fram kemur að rekstrarleyfishafa beri að tryggja að búnaður fari ekki inn á helgunarsvæði Farice. Matvælastofnun er þannig að fara eftir fyrirmælum Farice þrátt fyrir að ekki sé krafa um slík fjarlægðamörk vegna fiskeldis í lögum nr. 70/2022 um fjarskipti., eingöngu sé vísað til veiðarfæra.

Matvælastofnun hefur einnig kynnt sér með hvaða hætti eldi er hagað í nálægð við Farice sæstrenginn í Færeyjum. Þar er mælt fyrir að eldisbúnaður megi ekki koma nær sæstreng en 100 metra sem er 50 metrum skemmra en gerðar eru kröfur til hér á landi. Þá er rétt að benda á að fyrirætlanir vegna fiskeldis í Seyðisfirði hafi verið í undirbúningi og opinberu umsagnaferli frá því árið 2016, lögum um fjarskipti var síðast breytt árið 2022.

- 15. Gerð er athugasemd við að Matvælastofnun virði ekki andmælarétt með því að afhenda ekki og auglýsa ekki hnit í samræmi við 19. gr. reglugerðar 540/2020. Andmælaréttur sé mikilvægur hluti rannsóknarskildu stjórnvalda við mikilvægar ákvarðanir.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar undir lið 6 hér að framan varðandi upplýsingar um hnit. Nákvæm staðsetning búnaðar liggur oft á tíðum ekki fyrir fyrr en skömmu fyrir útgáfu rekstrarleyfis. Afmörkun eldissvæðisins er lýst í rekstrarleyfi þessu og eins og áður hefur komið fram ber rekstrarleyfishöfum að hafa allan búnað innan eldissvæðis. Matvælastofnun telur að andmælaréttur hafi ekki undir neinum kringumstæðum verið virtur að vettugi.

- 16. Gerð er athugasemd við að matsáætlun sé frá því árið 2015 og umsókn rekstraraðila frá árinu 2018 og því séu forsendur brostnar/breyttar og ekki hægt að byggja ákvörðun um leyfisveitingar á þeim. Þá er einnig gerð athugasemd við að matsáætlun sé dagsett 2016, frummatsskýrsla frá árinu 2020 og álit frá árinu 2021 og því séu forsendur brostnar/breyttar og ekki hægt að byggja leyfisveitingar á þeim.*

Matvælastofnun vísar til þess að framkvæmdin fór í lögbundið ferli í samræmi lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem eru fyrirrennari laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði nýju laganna er heimilt að ljúka umhverfismati samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildi í eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, hafi frummatsskýrsla vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga nr. 111/2021. Í álitinu er byggt á lögum nr. 106/2000.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemd við þá málsmeðferð og byggir tillögu og útgáfu á grunni álits Skipulagsstofnunar frá 31. desember 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 þá skal kanna hvort endurskoða skuli mat á umhverfisáhrifum ef framkvæmd er ekki hafin innan 10 ára frá áliti Skipulagsstofnunar. Matvælastofnun telur framangreint ákvæði ekki eiga við í þessu tilviki.

17. *Gerð er athugasemd við að ekki sé farið að vilja Seyðfirðinga þar sem meirihluti þeirra er á móti fiskeldi í Seyðisfirði.*

Matvælastofnun vinnur á grundvelli laga um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Á þeim grundvelli eru fyrirmæli um með hvaða hætti ferli leyfisveitinga er mótað. Það er ekki á forsvari Matvælastofnunar að taka inn í það ferli skoðanir og mótmæli nema að því leyti er fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar um framkvæmdina.

**Athugasemdir er varða burðarþolsmat Seyðisfjarðar þar sem það er talið úrelt og haldið verulegum annmörkum.**

18. *Gerð er athugasemd við að Hafrannsóknastofnun hafi ekki ákveðið eldissvæði þeirra fjarða er hafa verið metnir til burðarþols og því liggi ekki rétt burðarþolsmat fyrir. Vísar umsagnaraðili til 6. gr. b. laga nr. 71/2008 máli sínu til stuðnings.*

Matvælastofnun bendir á að í 6. gr. b. laga um fiskeldi nr. 71/2008 er ekki fjallað um að Hafrannsóknarstofnun beri að ákveða eldissvæði þeirra fjarða sem hafa verið metnir til burðarþols. Í tilvísaðri grein kemur fram að burðarþolsmat skuli framkvæmt af Hafrannsóknarstofnun. Í 4. gr. a. sömu laga kemur fram að Hafrannsóknarstofnun ákveði skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingu mögulegra eldissvæða. Matvælastofnun telur því að verið sé að vísa til þessarar lagagreinar en ekki 6. gr. b.

Stofnunin bendir á að 4. gr. a. laga um fiskeldi nr. 71/2008 kom inn í lögin með lagabreytingu 101/2019 og er í henni vísað til hafsvæða sem hafa ekki verið metin til burðarþols fyrir gildistöku ákvæðisins. Með sömu lagabreytingu voru ákvæði II. til bráðabirgða. Í því kemur fram að um meðferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, var lokið fyrir gildistöku ákvæðisins eða frummatsskýrslu hefur verið skilað til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum fyrir gildistöku þessa, skuli farið eftir eldri ákvæðum laganna. Í ljósi þessa hafi farið eftir eldri lögum við úrlausn málsins og því ekki þörf á að Hafrannsóknarstofnun ákveði eldissvæði.

19. Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið tekið tillit til annarrar starfsemi við gerð burðarþolsmats fyrir Seyðisfjörð.

Matvælastofnun bendir á að burðarþolsmat sé mat á þoli fjarðar eða afmörkuðu hafsvæði til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að hafa óæskileg áhrif á lífríkið þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sín, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Burðarþolsmatið er óháð því hvaða starfsemi kemur síðan til með að fara fram á svæðinu eftir að niðurstaðan liggur fyrir en gerð eru skilyrði að starfsemin rúmist innan þeirra niðurstaða sem matið leiðir til.

20. Gerð er athugasemd við umfjöllun um hvort Seyðisfjörður sé þröskuldsfjörður eða ekki út frá frummatsskýrslu og burðarþolsmati.

Í burðarþolsmati Seyðisfjarðar kemur fram að „nokkurs konar“ þröskuldur sé utan fjarðarins. Fjölmargir þættir koma inn í burðarþolið en með varúðarnálgun er talin ástæða til að mæla ekki með meiri en 10.000 tonna lífmassa í firðinum. Slíkt mat er hægt að endurskoða með vöktun á áhrifum eldisins og taka leyfisveitinga mið af því til hækkunar eða lækkunar í samræmi við lagaákvæði.

21. Gerð er athugasemd við að auglýstar tillögur í Seyðisfirðir séu annars vegar fyrir 6.500 tonn og hins vegar fyrir 10.000 tonn en burðarþol fjarðarins sé einungis fyrir 10.000 tonn. Ekki sé tekið fram í tillögunum um að Kaldvík hf. geti ekki verið með 16.500 tonna sjókvíaeldi.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 á stofnunin að gefa út aðskilin leyfi fyrir annars vegar frjóan lax og hins vegar ófrjóan. Hvergi kemur fram að framkvæmdaraðili hafi heimild til að vera með 16.500 tonn í eldi þrátt fyrir að annað leyfið segi 6.500 tonn og hitt fyrir ófrjóan segi 10.000 tonn. Tekið er sérstaklega fram í leyfum að heildar lífmassi beggja leyfa megi ekki fara yfir 10.000 tonn.

**Athugasemdir varðandi lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, lög um mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.**

22. Gerð er krafa um að Matvælastofnun geri grein fyrir hvort ákvæði 18. gr. laga nr. 36/2011 hafi áhrif á rekstrarleyfi. Vísað er til nýfallins dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2457/224.

Matvælastofnun bendir á að í tilvísuðum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var verið að breyta vatnshlotum en það að heimila fiskeldi í sjó telst ekki vera breyting á vatnshlotum. Matvælastofnun bendir á að það er á forsvari Umhverfis- og orkustofnunar að fjalla um þennan þátt.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að rekstraraðila ber að vakta vatnshlotið í samræmi við kröfur um að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt því má reksturinn ekki valda því að vistfræðilegu og/eða efnafræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk.

23. *Gerð er athugasemd við að ekki hafið verði horft til reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp við leyfisveitingar fyrir fiskeldi.*

Matvælastofnun bendir á að losun frá eldinu sé vöktuð í samræmi við stjórn vatnamála. Einnig er rétt að benda á að burðarþolsmati er ætlað að meta þol fjarða fyrir öllu auknu lífrænu álagi m.a. frá fiskeldi, þar með talið fráveitu og skólp. Matvælastofnun bendir á að það er á forsvari Umhverfis- og orkustofnunar að fjalla um þennan þátt.

**Athugasemdir varðandi það að áhættumat erfðablöndunar sé úrelt.**

24. *Gerð er athugasemd við að samkvæmt 3 .mgr. 6.gr. a á að endurskoða áhættumat erfðablöndunar eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, og ljóst að það er orðið úrelt og byggi á röngum forsendum. Því ekki hægt að auglýsa tillögur á grundvelli þess.*

Matvælastofnun vísar til 6. gr. a. laga um fiskeldi nr. 71/2008 þar sem fjallað er um áhættumat erfðablöndunar. Þar kemur m.a. fram að endurskoða skuli áhættumat eins oft og þurfa þykir en eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Það áhættumat sem nú er í gildi var staðfest af ráðherra 3. mars 2022, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 268/2022. Í lögum er ekki mælt fyrir um heimild til að fresta útgáfu rekstrarleyfis með vísan til þess að vænta megi staðfestingar nýs áhættumats erfðablöndunar.

25. *Gerð er athugasemd við að í tillögum að rekstrarleyfi komi fram að „heimilt“ sé að endurskoða rekstrarleyfi ef forsendur burðarþols eða áhættumats erfðablöndunar breytast. Samkvæmt þessu sé ekki tryggt að það verði gert komi til þess að gerðar verði breytingar á áhættumati erfðablöndunar.*

Hvað þetta atriði varðar vísar Matvælastofnun til þess sem fjallað er um í 6. gr. a. laga um fiskeldi nr. 71/2008 þar sem skýrt kemur fram að eldra áhættumat sé í gildi þar til nýtt hafi verið staðfest. Komi til þess að nýtt áhættumat feli í sér lægri hámarksheimild er það bindandi fyrir hlutaðeigandi, að gefnum hæfilegum tíma til aðlögunar, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Leyfið verður því endurskoðað komi til breytinga á áhættumati erfðablöndunar.

#### **Athugasemdir um að siglingaöryggi sé stefnt í hættu**

26. Gerð er athugasemd við að eldissvæðið Sörlastaðavík sé inn í hvítum ljósgeira Brimnesvíta og jafnframt að með tilkomu sjókvía í Seyðisfirði muni hann breytast úr því að vera örugg siglingaleið í varasama en í firðinum leita oft varst skemmtiferðaskip. Ekkert liggi fyrir um varúðarsvæði fyrir skip í neyð.

Í umfjöllun Matvælastofnunar í greinargerð þessari um áhættumat siglingaöryggis, sjá kafla 4.2. kemur skýrt fram að sett eru skilyrði um a.m.k. 50 m fjarlægð frá mörkum ljósgeira frá eldissvæði og botnfestingar séu á meira en 15 metra dýpi þar sem þær eru inn á hvítum ljósgeira. Með þeim hætti telur Matvælastofnun siglingaöryggi tryggt. Þá bendir stofnunin á að Vegagerðin og Samgöngustofa eigi að leiðbeina aðilum til að tryggja öryggi siglinga og er það mat þessara stofnana að þær ráðstafanir sem settar eru fram í áhættumati siglinga séu fullnægjandi.

27. Gerð athugasemd við að misræmi virðist vera í hvernig öryggissvæði sé skilgreint þ.e hvort það miðist við eldiskvíar eða eldissvæði.

Öryggissvæði sem Matvælastofnun miðar við er út frá legu sjókvíaeldisstöðvar en undir hana fellur allur eldisbúnaður s.s. festingar.

28. Gerð er athugasemd við að 15 metra dýparregla vegna botnfestinga eigi sér enga lagastoð og því óheimil samkvæmt vitalögum.

Matvælastofnun tekur fram að kröfur um búnað undir 15 m dýpi komi frá siglingamálayfirvöldum sem meta áhættu vegna siglinga og ber að koma með leiðbeiningar í samræmi við lög um vitamál nr. 132/1999. Áhættumat siglinga er unnið af Vegagerðinni og ákvæði í strandsvæðiskipulagi sett fram samkvæmt þeirra tilstuðlan og Matvælastofnun tekur tillit til þeirra skilyrða sem þar eru sett við útgáfu rekstrarleyfis.

#### **Athugasemdir varðandi það að ekki sé tekið tillit til annarrar náttúrvár**

29. Gerð er athugasemd við að ekki sé gert grein fyrir annarri náttúrvá svo sem þörungablóma, aurskriðum, neðansjávarskriðum, hafís né lagnaðarís í tillögu að rekstrarleyfi.

Matvælastofnun bendir á að ekki eru tilgreind í rekstrarleyfinu allar þær viðbragðsáætlanir sem rekstrarleyfishafar í sjókvíaeldi eiga að hafa. Rekstrarleyfishafi á að fara eftir gildandi lögum, reglugerðum sem eiga við um reksturinn og kröfum Matvælastofnunar. Öllum rekstrarleyfishöfum í sjókvíaeldi ber að hafa viðbragðsáætlanir í gæðahandbókum sínum, m.a. hvað varðar náttúrvá sem vá steðjar að í umhverfi eldisins. Fyrir útgáfu rekstrarleyfis eru gæðahandbækur yfirfarnar og leyfi ekki gefið út sé það mat Matvælastofnunar að þær séu ófullnægjandi.

Með vísan til allra framangreindra málsástæðna, sem raktar eru í liðum 1-29, er þess krafist að tillögur að rekstrarleyfum Kaldvíkur verði dregnar til baka og umsóknum um rekstrarleyfi alfarið hafnað.

Þá er það harðlega gagnrýnt að Matvælastofnun hafi ekki veitt rýmri tímafresti til þess að skila inn umsögnum þegar það hafi legið fyrir að stofnunin veitti ekki umbeðin gögn sem voru nauðsynlegt til þess að rita slíka umsögn. Gögnin hafi borist frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að hluta til um þessar upplýsingar en þó ekki fyrr en langt var liðið á þann tímafrest sem veittur var til andmæla. Einnig er gagnrýnt að Matvælastofnun hafi halið gögnum frá hagsmunaaðilum og slíkt hafi takmarkað andmælarétt þeirra og sé óvönduð stjórnsýsla.

Matvælastofnun getur ekki fallist á að athugasemdir sem raktar eru hér í liðum 1-29 leiði til þess að umsókn um rekstrarleyfi Kaldvíkur í Seyðisfirði verði hafnað. Matvælastofnun telur ekki athugavert að stofnunin hafi ekki veitt lengri tímafrest til þess að skila inn umsögnum þar sem umbeðin gögn, beiðni umsagnaraðila um upplýsingar um hnit, hafi ekki legið fyrir. Farið hefur verið sérstaklega yfir upplýsingar um hnit í svörum hér að framan en Matvælastofnun telur það að nákvæmar staðsetningar hnita liggi ekki fyrir skerði ekki andmælarétt aðila.

**Gunnar Örn Petersen f.h. Landssambands veiðifélagi skilaði inn athugasemdum dagsettu 20. janúar 2025.**

- Gerð er athugasemd við fyrirhugað laxeldi muni hafa veruleg neikvæð áhrif á villta laxastofna og vísað sérstaklega til áhrifa vegna erfðablöndunar og laxalúsar.
- Gerð er athugasemd við að áhættumat erfðablöndunar sé haldið verulegum annmörkum og það sé ekki í gildi þar sem það skuli endurnýja á þriggja ára fresti.
- Gerð er athugasemd við að andstaða landsmanna við sjókvíaeldi sé mikil og því þurfi að endurskoða stefnu í málaflokknum.

- *Gerð er athugasemd við að með sjókvíaeldis sé verið að stofna miklum hagsmunum í hættu þar sem um bestu laxveiðiár á landinu eru í næsta nágrenni.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a í liðum 13, 17 og 24 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar áhættumats erfðablöndunar og andstöðu íbúa. Áhættumat erfðablöndunar er mjög varfærið mat með það að markmiði að draga úr áhrifum sem gætu orðið á lífríkið og þá hagsmuni sem snúa að laxveiðihlunnindum.

Í tillögu að rekstrarleyfi er vísað til þess að leyfishafi skuli uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Með breytingum á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem tók gildi þann 1. maí 2024 voru meðal annars sett inn ákvæði sem varða laxalús. Umræddar breytingar snúa meðal annars að tímabili, tíðni og umfangi talningar laxalúsar og gera það að verkum að rekstraraðilar þurfa nú í aukinni tíðni að framkvæma lúsatalningu. Með þessari breytingu er ljóst að Matvælastofnun berast oftár og umfangsmeiri upplýsingar um talningu á laxalús en áður hefur verið. Með aukinni tíðni lúsatalningar geta rekstrarleyfishafar gripið fyrr inn komi upp merki um aukningu lúsar og gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana eða meðhöndlunar.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að með fyrirbyggju rekstraraðila sé hægt að koma í veg fyrir eða draga úr alvarlegum afleiðingum laxalúsa þar sem lúsin virðir ekki fjarlægðarmörk og getur ferðast miklar vegalengdir á milli hýsla. Í skýrslu Matvælastofnunar frá febrúar 2024, Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023, er farið yfir atburði sem leiddu til þess mikla vandamál sem hlaut af laxalús í Arnarfirði, Tálknafirði og Dýrafirði á árinu 2023.

Lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerri neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt rekstrarleyfishafa til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli. Samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 21. mars 2022 í máli nr. 37/2022 kemur fram að megintilgangur 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 sé að draga úr líkum á því að smit berist úr laxeldi í villta stofna og að villtir fiskar beri smit í fisk í kvíum. Hins vegar

hafi reglugerðinni verið sett mörk fyrir það hvenær áhætta af smiti teljist ásættanleg, að öðrum forsendum fullnægðum. Í úrskurðinum kemur jafnframt fram að í lögum um lax- og silungsveiði er sjálfbær nýting fiskstofna skilgreind svo til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins, og að Hafrannsóknastofnun hafi í tillögu sinni til ráðherra að miðað sé við að lágmarksmörk skráðrar veiði séu 50 fiska meðalveiði á samfelldu tíu ára tímabili til þess að stofn teljist sjálfbær stofn.

**Elvar Örn Friðriksson, f.h. NASF á Íslandi skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við áhættumat erfðablöndunar, það sé úrelt og geti ekki verið grunnur fyrir leyfisveitingu.*
- *Gerð er athugasemd við burðarþol Seyðisfjarðar, það taki ekki til annarrar starfsemi í firðinum né lúsaeiturs, þungmálma né annarra eiturefna frá eldinu.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem kunna að verða vegna laxalúsar á villta stofna laxfiska.*
- *Gerð er athugasemd við að íbúalýðræði sé ekki virt þar sem meirihluti Seyðfirðinga sé á móti sjókvíaeldi.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem hlotist geta vegna slyssasleppinga á erfðablöndun í nálægum ám.*
- *Gerð er athugasemd við að með því að auglýsa tillögur að leyfum í Seyðisfirði sé verið að baka ríkinu skaðabótaskildu gagnvart sjókvíaeldisfyrirtækjum þegar vikið verði frá þessari starfsemi á Íslandi.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 17, 19 24 og 30 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar vilja meirihluta Seyðfirðinga, áhættumati erfðablöndunar, burðarþols og áhrif laxalúsar á villta laxfiska.

Í tillögu að rekstrarleyfi er vísað til þess að leyfishafi skuli uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Með breytingum á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem tók gildi þann 1. maí 2024 voru meðal annars sett inn ákvæði sem varða laxalús. Umræddar breytingar snúa meðal annars að tímabili, tíðni og umfangi talningar laxalúsar og gera það að verkum að rekstraraðilar þurfa nú í aukinni tíðni að framkvæma lúsatalningu. Með þessari breytingu er ljóst að Matvælastofnun berast oftar og umfangsmeiri upplýsingar um talningu á laxalús en áður hefur verið. Með aukinni tíðni lúsatalningar geta rekstrarleyfishafar gripið fyrr inn komi upp merki um aukningu lúsar og gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana eða meðhöndlunar. Matvælastofnun bendir jafnframt

á að með fyrirhyggju rekstraraðila sé hægt að koma í veg fyrir eða draga úr alvarlegum afleiðingum laxalúsa

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt núgildandi lögum er sjókvíðaeldi leyft á Íslandi með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Ráðherra getur að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi í einstaka fjörðum, flóum eða svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart þeirri starfsemi sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Ekki hafa verið settar takmarkanir á fiskeldi í Seyðisfirði. Matvælastofnun hefur metið það sem svo að skilyrði séu til staðar fyrir útgáfu rekstrarleyfis til handa umsækjanda til reksturs sjókvíðaeldis í Seyðisfirði. Möguleiki á framtíðar skaðabótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart sjókvíðaeldisfyrirtækjum komi itl þess að vikið verði frá þeirri starfsemi á Íslandi getur ekki komið í veg fyrir útgáfu rekstrarleyfisins. Taka verður að þeim málum ef til þess kemur.

**Sigurpáll Ingibergsson, f.h. Hellnaskers – Hugveitu í sjálfbærni á Íslandi, skilaði inn athugasemdum dagsettum 17. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við áhrif eldisins á líffræðilega fjölbreytni vegna erfðablöndunar og laxaxalúsar á villta stofna laxfiska. Eldið sé í andstöðu við skuldbindingar Íslands vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD),*
- *Gerð er athugasemd við þá miklu losun næringarefna sem koma mun frá eldinu og áhrif þess á botndýr og önnur lífríki. Slíkt geti haft langvarnandi áhrif og breytt samsetningu lífvera á svæðinu.*
- *Gerð er athugasemd við þá hættu sem skapast vegna útbreiðslu sjúkdóma og laxalúsar.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem eldið geti haft á fugla og spendýr í firðinum.*
- *Gerð er athugasemd við að fyrir síðustu Alþingiskosningar hafi allir flokkar verið á móti sjókvíaeldi fyrir utan Sjálfsæðisflokk og Miðflokk og því beri að hafna leyfisveitingunni.*
- *Kallað er eftir því að fundnar verið sjálfbærari lausnir en sjókvíaeldi svo sem landeldi sem dregur verulega úr áhrifum á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar í kafla 2.4, 2.5 og 3 greinargerðar þessarar er snúa að laxalús og sjúkdómum. Þá vísar stofnunin til umfjöllunar hér að framan m.a í liðum 13, 22 og 23 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um

vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, er snúa meðal annars að áhrifum á lífríkið. Einnig er vísað til umfjöllunar um burðarþol, áhættumat erfðablöndunar og stjórn vatnamála sem allt miðar að því að draga úr þeim áhrifum sem eldið hefur á lífríkið.

Matvælastofnun bendir á að Ísland hefur skuldbindingar samkvæmt samningi Sameinuðupjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD). Íslensk stjórnvöld uppfylla skyldur samningsins með setningu og framkvæmd innlendra laga og reglugerða, meðal annars laga um fiskeldi nr. 71/2008 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Fyrir liggur ítarlegt mat á umhverfisáhrifum, sjá kafla.2. Hvorki niðurstöður matsins né fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að starfsemin sé í andstöðu við skuldbindingar Íslands samkvæmt umræddum samningi þannig að það réttlæti höfnun útgáfu rekstrarleyfisins.

Fjallað er um fuglalíf í álit Skipulagsstofnunar og er farið yfir það hér að framan en þar er jafnframt fjallað um áhrif á spendýr. Matvælastofnun vísar til kröfu um vöktun á fuglalífi í vöktunaráætlun sem Umhverfis- og orkustofnun metur og var auglýst með tillögu að starfsleyfi. Slík vöktunaráætlun felur í sér margskonar umhverfisvöktun og hægt að kalla eftir aukinni vöktun ef þörf krefur.

Matvælastofnun ber að fara eftir gildandi lögum þegar unnið er að umsóknum um rekstrarleyfi til fiskeldis. Stofnunin getur ekki hafnað útgáfu rekstrarleyfis þegar skilyrði til slíkrar útgáfu eru annars til staðar á þeim grundvelli að allir stjórn málaflokkar nema tveir hafi verið á móti sjókvíaeldi fyrir síðustu Alþingiskosningar. Slík synjun væri ólögmæt þar sem ekkert í lögum heimilar synjun á útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli yfirlýsinga stjórn málaflokka.

Matvælastofnun bendir á að það sé ekki í verkahring stofnunarinnar að finna sjálfbærari lausnir en sjókvíaeldi í þeim tilgangi að draga úr áhrifum á umhverfið og líffræðilegar fjölbreytni.

#### **Guðlaugur Kristinn Óttarsson skilaði inn athugasemdum dagsettum 15. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við áhrif sem eldið hefur á lífríkið m.a. vegna losunar og áhrifa á villta stofna laxfiska.*
- *Gerð er athugasemd við að sjókvíaeldið gangi í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins.*
- *Gerð er athugasemd við að eldið sé innan helgunarsvæðis FARICE.*
- *Gerð er athugasemd við að eldið skapi hættu vegna siglingaöryggis í Seyðisfirði.*
- *Gerð er athugasemd við að illa sé farið með auðlindir sjávar þar sem 10 tonn af fiskmeti þurfi til að framleiða 1 tonn af laxfiski.*

- Gerð er athugasemd við að eldið er í nálægð við El-Grillo sem veldur olíumengun í friðinum og fer ekki saman við matvælaframleiðslu.
- Gerð er athugasemd við að ekki sé horft til þess að nýlega hafi Evrópusambandið skilgreint hryggdýr og hrygglaus dýr sem skynverur. Þannig sé ekki hugsað nægjanlega vel að dýravelferð og sjúkdómum í laxeldi.

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 14, 22, 23, 26, 27 og 28 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar áhrifa á lífríki, siglingaöryggi og Farice. Þá vísar stofnunin jafnframt til umfjöllunar í köflum 4 og 6.4 og hvað varðar áhættumat siglingaöryggis og Farice.

Við afgreiðslu á umsókn Kaldvíkur vegna 10. 000 tonna laxeldis liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 111/2021, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 111/2021 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Matvælastofnun bendir á að fullyrðing um að 10 tonn af fiskmeti þurfi til framleiðslu á 1 tonni af laxi eigi ekki við lengur. Þróun fóðurs til laxeldis hefur verið mikil síðustu ár og er nú svo komið að einungis hluti þess fóðurs er unnið úr fiskaafurðum en megnið af því

kemur úr aukaafurðum sjávarútvegs. Matvælastofnun getur því ekki tekið undir að fóðurnotkun feli í sér óhóflega eða ósjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar.

Matvælastofnun bendir á að Landhelgisgæslan og Umhverfis- og orkustofnun fylgjast með olíumengun frá El Grillo með reglubundnum hætti og gripið er til aðgerða í þeim tilfellum þegar mengun hefur orðið frá flakinu. Þá er unnið að varanlegri lausn á olíulega frá flakinu. Matvælastofnun bendir einnig á að rekstrarleyfishafa ber að hafa viðbragðsáætlun vegna olíumengunar í gæðahandbók sinni þar sem lýst er viðbrögðum komi til slíks óhapps í nágrenni eldiskvíanna.

Rekstrarleyfishöfum í sjókvíaeldi ber að starfa samkvæmt ströngum reglum sem gilda um dýravelferð og heilbrigði eldisdýra. Má þar helst nefna lög um dýravelferð nr. 55/2013, lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, lög um fiskeldi nr. 71/2008, reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigði með eldisstöðvum nr. 300/2018 og reglugerðar um gildistöku reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma. Í þessu samhengi bendir Matvælastofnun jafnframt á að rekstrarleyfishafa var gert að leggja fram áætlun um smitvarnir sem sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hefur yfirfarið og samþykkt af hálfu stofnunarinnar. Af framangreindu er því ljóst að rekstrarleyfishafi er bundinn af skýrum kröfum um aðbúnað, eftirlit, velferð og sjúkdómaörnum sem Matvælastofnun hefur síðan eftirlit með. Matvælastofnun telur því að gætt sé að dýravelferð og forvarnir gegn sjúkdómum í sjókvíaeldi á Íslandi.

#### **Jón Þór Þorgrímsson skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við þann mikla úrgang sem komi til með að falla til vegna eldisins og áhrif sem slíkt getur haft á lífríki í firðinum.*
- *Gerð er athugasemd við þá hættu sem skapast á æðarvarp í firðinum vegna kvikasilfursmengunar sem finnst oft í fiski í nálægð við fiskeldi.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem slysasleppingar geta valdið á lífríki og samfélag.*
- *Gerð er athugasemd við að með leyfisveitingum á sjókvíaeldi sé íbúalýðræði sé ekki virt þar sem meirihluti Seyðfirðinga hafi lýst andstöðu við eldið.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 13, 17, 22, 23 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar áhrif á lífríki og íbúalýðræði.

Þá vísar Matvælastofnun til umfjöllunar í kafla 2.7 í greinargerð þessari varðandi flugalíf og mats á umhverfisáhrifum eldisins. Matvælastofnun telur engar rannsóknir benda til þess að kvikasilfursmengun út frá sjókvíaeldi geti haft áhrif á æðavarp.

**Jón Kaldal, f.h. Íslenska náttúrverndarsjóðsins – The Icelandic Wildlife Fund, skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem eldið kann að valda á bleikjustofn Fjarðarár.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem eldið kann að valda vegna laxalúsar og það mikla vanmat sérfræðinga Matvælastofnunar vegna hennar.*
- *Gerð er athugasemd við burðarþol Seyðisfjarðar, þar hafi ekki verið tekið tillit til notkunar kemískra efna koparoxíðs né plastnotkunar.*
- *Gerð er athugasemd við þau auknu áhrif sem eldið kann að valda vegna fjölgunar sníkjudýra og sjúkdóma á lífríkið.*
- *Gerð er athugasemd við mikil áhrif vegna losunar úrgangsefna frá eldinu í sjó og vísað til að 10.000 tonna eldi losi á við 160.000 manna íbúabyggð. Engin starfsemi á Íslandi fái að losa óhreinsað skólp líkt og eldisfyrirtækin.*
- *Gerð er athugasemd við þau áhrif sem eldið kunni að valda á stofna villtra laxfiska vegna erfðablöndunar. Ekki verði gefin út ný leyfi fyrr en nýtt áhættumat erfðablöndunar liggur fyrir.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 18, 19, 22, 23, 24, 25 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar áhrif á lífríkið, losun úrgangsefna í sjó og erfðablöndun. Einnig vísat Matvælastofnun til umfjöllunar um þessi atriði í kafla 2, 3 og 5 í greinargerð er varða þessi atriði.

Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli. Matvælastofnun mun tryggja að eldissvæðið verði í 5 km fjarlægð frá Fjarðará en með því er verið að lágmarka áhrif sjókvíaeldis á lífríki umræddrar ár, þar með talið bleikjustofn.

Í tillögu að rekstrarleyfi er vísað til þess að leyfishafi skuli uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Með breytingum á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem tók gildi þann 1. maí 2024 voru meðal annars sett inn ákvæði sem varða laxalús. Umræddar breytingar snúa meðal annars að tímabili, tíðni og umfangi talningar laxalúsar og gera það að verkum að rekstraraðilar þurfa nú í aukinni tíðni að

framkvæma lúsatalningu. Með þessari breytingu er ljóst að Matvælastofnun berast oft og umfangsmeiri upplýsingar um talningu á laxalús en áður hefur verið. Með aukinni tíðni lúsatalningar geta rekstrarleyfishafar gripið fyrr inn komi upp merki um aukningu lúsar og gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana eða meðhöndlunar. Matvælastofnun bendir jafnframt á að með fyrirbyggju rekstraraðila sé hægt að koma í veg fyrir eða draga úr alvarlegum afleiðingum laxalúsa.

Eftirlit með laxalús er umfangsmikið og allt gert til þess að sporna við afleiðingum þess að lúsarsmit verði verulegt. Matvælastofnun getur ekki tekið undir þær fullyrðingar að til staðar sé vanmat um áhrif laxalúsa.

Matvælastofnun bendir á að burðarþolsmat tekur einungis til lífræns álags á firði. Ef heimila á notkun kemískra efna í firðinum þarf slíkt að fara sérstaklega í gegn um opinbert matsferli. Ekki hefur verið sótt um notkun slíkra efna.

**Þorgerður María Þorbjarnardóttir, f.h. Landverndar, skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- Gerð er athugasemd við að með leyfisveitingum á sjókvíaeldi sé íbúalýðræði sé ekki virt þar sem meirihluti Seyðfirðinga hafi lýst andstöðu við eldið. Ísland sé aðili að Árórsarsamningnum sem tryggir þátttöku almennings í ákvarðanatöku í umhverfismálum.
- Gerð er athugasemd við áhættumat erfðablöndunar, það sé úrelt og geti ekki verið grunnur fyrir leyfisveitingu.
- Gerð er athugasemd við burðarþol Seyðisfjarðar, það taki ekki til annarrar starfsemi í firðinum.
- Gerð er athugasemd við að eldissvæðum hafi ekki verið úthlutað af Hafrannsóknastofnun í samræmi við lög nr. 71/2008.
- Gerð er athugasemd við þá hættu sem eldið skapar vegna siglinga og að það áhættumat sem unnið var fyrir svæðin hafi verið tekið gilt.
- Gerð er athugasemd við eldið kunni að stofna öryggi FARICE sæstrengsins í hættu m.a. vegna akkerisfestinga.
- Gerð er athugasemd við að ofanflóðamat sé bæði ófullkomið og ólöglegt.
- Gerð er athugasemd við að ekki sé gert grein fyrir annarri náttúruvá í tillögu að rekstrarleyfi s.s. aurskriðum, neðansjávarskriðum, hafís, lagnaðarís, þörungablóma og marglyttum.

- Gerð er athugasemd við að samkvæmt korti séu akkerisfestingar fyrir utan nýtingareit strandsvæðisskipulags.
- Gerð er athugasemd við að framansögðu og að meðan lagaumgjörð fyrir sjókvíaeldi sé ekki frágengin séu ekki forsendur til að gefa út leyfi ekki fyrir hendi.

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 1, 2, 3, 4, 5, 17, 18, 19, 24, 25, 26 og 29 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar ofanflóðamati, íbúalýðræði, burðarþoli, Farice, áhættumati erfðablöndunar, siglingaöryggi og úthlutun svæða.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 verður allur búnaður að vera innan eldissvæðis. Stofnunin mun ekki samþykkja stöðvarskirteini fyrir eldissvæðið þar sem gert er ráð fyrir búnaði utan eldissvæðis og bendir jafnframt á að byggingarleyfi verði ekki gefið út ef eldisbúnaður fari inn á netlög.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt núgildandi lögum er sjókvíaeldi leyft á Íslandi með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Lögmætisregla stjórnarsýsluréttar felur í sér að ákvarðanir og/eða athafnir stjórnvalda hverju sinni þurfa að vera í samræmi við lög. Engin lagaheimil er til staðar sem heimilar Matvælastofnun að fresta afgreiðslu og útgáfu rekstrarleyfa eða synja þeim á þeim grundvelli, eins og farið er fram á í athugasemdum, „að lagaumgjörð fyrir sjókvíaeldi sé ekki frágengin.“ Þar til ný lög um fiskeldi taka gildi eða breytingar eru gerðar á núgildandi lögum vinnur Matvælastofnun í samræmi við gildandi lög.

**Flóki Ásgeirsson, f.h. Laxinn lifi, skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir úthlutun hafsvæða samkvæmt 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Breytingarlög nr. 101/2019 og bráðabirgðaákvæði II þar sem frummatsskýrslu var skilað eftir að þau tóku gildi.
- Gerð er athugasemd við að mat á ástandi strandsjávarvatnshlotsins Seyðisfjörður 102-1322-C liggi ekki fyrir í samræmi við 11. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Matvælastofnun hafi ekki tryggt að leyfið sé í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011.
- Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshloti samkvæmt 18. gr. laga nr. 36/2011. Ljóst þygi að vatnshlotið muni breytast hvort sem þær verði tímabundnar eða afturkræfar og er vísað til dóms

*Evrópudómstólsins í máli C-525/20 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2457/2024.*

- *Gerð er athugasemd við að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé ófullnægjandi. Er þar vísað til áhrifa á villta laxfiska og líffræðilega fjölbreytni vatnshlotsins.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 16, 18 og 22 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar úthlutun svæða, stjórn vatnamála og umhverfismati framkvæmdar. Einnig er vísað m.a. til umfjöllunar í köflum 2 og 5 í greinargerð.

Matvælastofnun vísar til starfsleyfis Umhverfis- og orkustofnunar þar sem horft er til stöðu vatnshlotsins og gerð krafa á vöktun í vatnshlotinu í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Einnig er horft til stöðu vatnshlotsins við gerð burðarþolsmats sem er varfærið og metur hve mikið aukið lífrænt álag fjörðurinn þolir.

Matvælastofnun bendir á að mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem fjalla ber um þar líkt og stofnunin gerir grein fyrir í kafla 2 hér að framan – Afstaða til mats á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur það mat fullnægjandi grundvöll fyrir útgáfu rekstrarleyfis þessa.

**Helga Kristín Tryggvadóttir, f.h. Six Rivers Iceland, skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við þau miklu áhrif sem slyssasleppingar kunna að hafa á villta stofna laxfiska. Er þar vísað til áhrifa vegna sjúkdóma, sníkjudýra og erfðablöndunar.*
- *Gerð er athugasemd við að eldið hafi neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu í kring um stangveiði.*
- *Gerð er athugasemd við að löggjöf um sjókvíaeldi og eftirlit sé í molum og því ekki forsendur til að veita frekari leyfi í sjó.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 22 og 24 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar áhrifum á lífríkið. Einnig vísar stofnunin til umfjöllunar í köflum 2.4, 2.5. og 3 í greinargerð þessari er fjalla um sjúkdóma og lús.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum uppfyllir starfsemin þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um og ekkert bendir til þess að reksturinn sé til þess fallinn að rýra atvinnustarfsemi sem tengist stangveiði á svæðinu.

Allir rekstraraðilar í sjókvíaeldi sæta eftirliti hjá Matvælastofnun þar sem því er fylgt eftir að þeir fylgi eftir ströngum reglum gildandi laga er hafa að geyma ákvæði um eftirlitsskyldu Matvælastofnunar. Matvælastofnun hefur með auknum fjárheimildum síðustu tveggja ára stóraukið eftirlit með rekstrarleyfishöfum og sæta þeir ítarlegu og ströngu eftirliti með öllum þeim þáttum sem þeim ber að uppfylla skv. gildandi lögum og reglugerðum.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt núgildandi lögum er sjókvíaeldi leyft á Íslandi með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Lögmætisregla stjórnarsýsluréttar felur í sér að ákvarðanir og/eða athafnir stjórnvalda hverju sinni þurfa að vera í samræmi við lög. Engin lagaheimil er til staðar sem heimilar Matvælastofnun að fresta afgreiðslu og útgáfu rekstrarleyfa eða synja þeim á þeim grundvelli að löggjöf um sjókvíaeldi og eftirlit ekki fullnægjandi. Þar til ný lög um fiskeldi taka gildi eða breytingar eru gerðar á núgildandi lögum vinnur Matvælastofnun í samræmi við gildandi lög.

**Hildigunnur H. H. Thorsteinsson, f.h. Veðurstofu Íslands, skilaði inn athugasemdum dagsettu 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við að ofanflóðamat sem Veðurstofa Íslands vinnur er gert á grundvelli laga nr. 49/1997 um varnir gegn sjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Slíkt mat er eingöngu ætlað til að meta hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða, ekki hafi verið sett viðmið fyrir mannvirki í sjó né sérstakt áhættumat fyrir akkerisfestingar.*
- *Gerð er athugasemd við að vinna þurfi frekara mat á ofanflóðum fyrir þá reiti í heild sem eldið verður á samkvæmt strandssvæðisskipulagi Austfjarða, er þar vísað til reita SN1 og SN2.*
- *Gerð er athugasemd við að setja þurfi frekari skilyrði í rekstrarleyfi um viðbragðsáætlun fyrir náttúruvá.*

Matvælastofnun vísar til þess að unnið hefur verið nýtt ofanflóðamat fyrir Selstaðavík og Sörlastaðavík. Stofnunin hefur farið yfir það og gerir ekki athugasemdir. Matið hefur stofnunin notað til að meta hættu á slysasleppingu vegna ofanflóða.

Matvælastofnun setur ekki sérstök skilyrði í rekstrarleyfi um náttúruvá en krafa er um að rekstraraðilar fari eftir gildandi lögum og reglugerðum. Rekstrarleyfishöfum í sjókvíaeldi ber að hafa til staðar ákveðnar viðbragðsáætlanir í gæðahandbók sinni og eru þær yfirfarnar í umsóknarferli og við eftirlit Matvælastofnunar eftir að rekstrarleyfi eru gefin út. Ein slíka viðbragðsáætlana er viðbragðsáætlun um náttúruvá.

**Guðrún Óskarsdóttir, f.h. Náttúrverndarsamtaka Austurlands - NAUST, skilaði inn athugasemdum í janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við að íbúalýðræði sé ekki virt þar sem meirihluti Seyðfirðinga sé á móti sjókvíaelði.*
- *Gerð er athugasemd við þau miklu umhverfisáhrif sem fyrirhugaður rekstur mun hafa á náttúru Seyðisfjarðar og samlegðaráhrif með annarri náttúruvæ sem steðjar að firðinum.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 1, 5, 16, 17, 22, 23 og 29 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar náttúruvæ, umhverfisáhrif, áhrifum á lífríki, vöktun og áhrif vegna losunar frá eldinu og íbúalýðræði. Einnig vísar stofnunin til umfjöllunar í kafla 2 í greinargerð þessari, umfjöllun í áliti Skipulagsstofnunar sem snýr að vöktun og áhrifum vegna losunar frá eldinu.

**Ester Anna Ármannsdóttir, f.h. Skipulagsstofnunar, skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd við hnit nr. 5 í afmörkun eldissvæðis í Sörlastaðavík, líklega sé að villa sé í því.*
- *Gerð er athugasemd við að áður en leyfi verði veitt þurfi að meta hættu á ofanflóðum á mögulega hættu á slyssasleppingu í samræmi við sértæk ákvæði um reit SN2 í strandsvæðisskipulagi Austfjarða.*
- *Gerð er tillaga til Matvælastofnunar um að leitað verði álits Farice vegna nálægðar við fjarskiptastrenginn.*
- *Gerð er tillaga til Matvælastofnunar um að ráðfæra sig við Skipulagsstofnunar vegna nákvæmrar legu netlaga.*

Matvælastofnun hefur leiðrétt hnit sem vísað er til í umsögn Skipulagsstofnunar, en um innsláttarvillu var að ræða í auglýstri tillögu.

Matvælastofnun hefur farið yfir þau gögn er snúa að ofanflóðum og jafnframt fengið frekari gögn og umsögn frá Veðurstofu Íslands þar sem fyrra mat er staðfest. Vísað er til umfjöllunar varðandi þetta atriði í kafla 4.31 í greinargerð þessari.

Matvælastofnun kallað eftir umsögn Farice vegna eldisins áður en tillaga var auglýst og vísar stofnunin til umfjöllunar í kafla 6.4 í greinargerð þessari.

Matvælastofnun fékk gögn sem unnin voru fyrir Kaldvík vegna réttrar legu netlaga sem unnin voru af Náttúrufræðistofnun sjá kafla 4.4 í greinargerð. Endurmat á netlögum hafði þau áhrif að lítillega þarf að hnika til eldissvæðum, en stofnunin leggur áherslu á að eldið skuli vera í samræmi við strandsvæðisskipulag Austfjarða. Matvælastofnun metur hin nýju gögn fullnægjandi.

**Sigríður Skaftadóttir, f.h. Landhelgisgæslu Íslands skilaði inn athugasemdum dagsettum 20. janúar 2025**

- *Gerð er athugasemd við hnit nr. 5 í afmörkun eldissvæðis í Sörlastaðavík. Punkturinn teiknast inn á landi norðan fjarðar og líklegast sé um að ræða innsláttarvillu.*
- *Tryggja verði að sjókvíaeldisstöðvar verði í samræmi við áhættumat siglinga er varðar fjarlægð frá hvítum geira.*
- *Bent er á að mögulega séu ósprungin tundurdufl á botni Seyðisfjarðar sem vert er að huga að.*
- *Tryggja verði að eldisbúnaður fari ekki inn á helgunarsvæði FARICE-1 strengsins.*
- *Bent er á hve þröngt siglingarfært hafsvæði er í firðinum og upp geti komið aðstæður þar sem kasta þarf akkeri innan leyfissvæða vegna staðsetningar FARICE-1.*
- *Einnig er áréttað að tilkynna beri nákvæmar staðsetningar og hnit sjókvíaeldisstöðva til Landhelgisgæslu Íslands.*

Matvælastofnun hefur leiðrétt hnit sem vísað er til í umsögn Skipulagsstofnunar, en um innsláttarvillu var að ræða í auglýstri tillögu.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 verður allur búnaður að vera innan eldissvæðis. Stofnunin mun ekki samþykkja stöðvarskírteini fyrir eldissvæðið þar sem gert er ráð fyrir búnaði utan eldissvæðis. Matvælastofnun leggur áherslu á að eldissvæði séu í samræmi við útgefið áhættumat siglinga, sjá kafla 4.2 í greinargerð þessari. Þá verða jafnframt sett inn ákvæði í rekstrarleyfið þar sem fram kemur að rekstrarleyfishafa beri að tryggja að búnaður fari ekki inn á helgunarsvæði Farice.

Hvað varðar ábendingar um ósprungin tundurdufl á botni Seyðisfjarðar þá er sú vitneskja til staðar hjá rekstraraðila og mun hann gæta varúðar við útsetningu búnaðar, sérstaklega botnfestinga.

Matvælastofnun bendir á að almennt varpa þjónustubátar sjókvíaldissvæða ekki ankerum. Sjófarendum ber almennt að gæta varúð hvað varðar siglingaleiðir sínar, sérstaklega í kringum helgunarsvæði og það ætti skipstjórum allra skipa að vera kunnugt um.

Þegar rekstrarleyfi eru gefin út eru hnit eldissvæðisins tilgreind þar og er Landhelgisgæslunni jafnframt tilkynnt um þau á þeim tímapunkti. Þegar búnaður hefur verið settur út á eldissvæðið ber rekstrarleyfishafa skv. d lið 1. mgr. 35. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 að skila til Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varðar hnitsetningar ankera og tóga sjókvíaldisstöðva.

**Catalina Cendoya, f.h. Global Salmon Farming Resistance and others skilaði inn athugasemdum dagsettum 16. janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemd um skaðleg áhrif laxeldis í opnum netkvíum m.t.t. sníkjudýra og sjúkdóma í villta fiskistofna, úrgangs og erfðablöndunar.*
- *Gerð er athugasemd að verið sé að ekki sé tekið tillit til andstöðu landsmanna og heimamanna við sjókvíaldi í Seyðisfirði.*
- *Þess er óskað að leyfinu verði hafnað.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 17, 18, 19, 22, 23, 24, 25 og 30 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar andstöðu íbúa, áhrif á lífríkið, losun úrgangsefna í sjó og erfðablöndun.

Eins og fram hefur komið telur Matvælastofnun skilyrði vera til staðar fyrir útgáfu rekstrarleyfisins og getur ekki fallist á athugasemdir um að hafna beri útgáfu leyfisins.

**Páll Heimisson skilaði inn athugasemdum í janúar 2025.**

- *Gerð er athugasemdir við þá lýðheilsuvá sem talið er geta fylgt laxeldi í Seyðisfirði í andstöðu við íbúa.*
- *Gerð er athugasemd um að rekstrarleyfi sé gefið út þar sem þörf sé á betri rannsókn vegna ofanflóða nærri eldissvæðunum.*

Matvælastofnun telur ekkert í gögnum málsins bendi til þess að útgáfa rekstrarleyfisins feli í sér lýðheilsuvá þannig að það leiði til þess að hafna beri útgáfu þess. Slík synjun verður að byggjast á skýrum og rökstuddum lagagrundvelli sem ekki er til staðar í máli þessu.

Matvælastofnun hefur yfirfarið þær upplýsingar sem liggja fyrir varðandi ofanflóðamat á svæðunum sem um ræðir og metur þau fullnægjandi. Vísar stofnunin til umfjöllunar í kafla 4.3 í greinargerð þessari sem og svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, við liði 1-4, 8 og 9 hvað varðar ofanflóðamat.

**Eftirfarandi eru flokkaðar sem samhljóma athugasemdir vegna auglýstra tillagna til sjókvíaeldis í Seyðisfirði og innihéldu eftirfarandi atriði voru 144 og bárust í janúar 2025.**

- Gerð er athugasemd við að íbúalýðræði sé hafnað ef sjókvíaeldi verður heimilað í Seyðisfirði.
- Gerð er athugasemd við að þá hættu sem stofnar laxfiska eru settir í verði sjókvíaeldið heimilað.
- Gerð er athugasemd við burðarþol Seyðisfjarðar, það taki ekki til annarrar starfsemi í firðinum.
- Gerð er athugasemd við að áhættumat erfðablöndunar sé úrelt.
- Gerð er athugasemd við mat á siglingaáhættu.
- Gerð er athugasemd við að eldissvæðið Sörlastaðavík sé í innan við 5 km frá ósum Fjarðarár.
- Gerð er athugasemd við nálægð eldissvæða við Farice 1 sæstrenginn og að öryggi hans sé stofnað í hættu.
- Gerð er athugasemd við ofanflóðamat vegna eldissvæðanna Selstaðarvíkur og Sörlastaðavíkur, það sé ófullkomið og ólöglegt.
- Gerð er athugasemd við að ekki sé tekið tillit til annarrar náttúruvár vegna eldissvæðanna.

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar hér að framan m.a. í liðum 1- 5, 8, 9, 14, 17, 19, 24, 26, og 29 í svörum við athugasemdum Katrínar Oddsdóttur lögmanns, f.h. VÁ-félags um vernd fjarðar og Sigurðar Filippussonar, hvað varðar íbúalýðræði, áhrif á laxastofn, burðarþol, áhættumat erfðablöndunar, mat á siglingaöryggi, fjarlægð frá Fjarðará, Farice 1, ofanflóðamat og aðra náttúrvá. Einnig vísar stofnunin til umfjöllunar í kafla 4 um áhættumat um siglingaöryggi og ofanflóð, kafla 6.3 hvað varðar Farice.

## 8 Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Unnið var að samræmingu rekstrarleyfis og starfsleyfis hjá stofnununum sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsemin þarfnast einnig byggingarleyfis frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna sjókvía.

## 9 Forsendur útgáfu

Matvælastofnun telur að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi gögnum að skilyrði til að veita Kaldvík hf. rekstrarleyfi vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði séu uppfyllt. Leyfisveitingin er í samræmi við gildandi burðarþolsmat, áhættumat erfðablöndunar og strandsvæðisskipulag Austfjarða.

Matvælastofnun hefur fjarlægt skilyrði er snúa að strandsvæðisskipulagi, siglingaáhættu og helgunarsvæði Farice úr rekstrarleyfum. Vísað er almennt í að eldið skuli vera í samræmi við strandsvæðisskipulag og áhættumat siglinga. Matvælastofnun metur það svo að það sé ekki á forsvari stofnunarinnar að hafa eftirlit með að slíkum skilyrðum sé framfylgt heldur annarra yfirvalda.

## 10 Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á rekstrarleyfum FE-1135a og FE-1135b fyrir sjókvíaeldi í Seyðisfirði á frjóum og ófrjóum laxi. Rekstrarleyfið tekur þegar gildi og er gildistími til 11.09. 2042.

Akureyri, 11.09.2026